# FRÉTTABLAÐIÐ

116. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. MAÍ 2020




**Hlauparar sem kjósa umferðarnið fremur en félagsskap geta farið að fordæmi mannsins sem skokkaði einn síns liðs frá Hafnarfirði til Keflavíkur í súldinni síðdegis í gær. Spáð er 6 til 12 stiga hita á höfuðborgarsvæðinu á morgun og skúrum en ágætu útivistarveðri sunnanlands um helgina. Norðlendingar munu þurfa að bíða eftir sólinni fram yfir helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bókanir glæðast á ný

**Fyrstu erlendu hóparnir hafa pantað ferðir hjá Ferðafélagi Íslands. Hóparnir greiddu ferðir í ágúst að fullu. Framkvæmdastjóri er bjartsýnn fyrir sumarið.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrstu hóppantanirnar erlendis frá, eftir að kórónuveirufaraldurinn byrjaði að geisa, hafa borist til Ferðafélags Íslands. Tveir þýskir hópar pöntuðu í vikunni ferðir og gistingu í skálum félagsins í ágúst og greiddu þær upp að fullu. „Þetta eru tveir litlir hópar en vissulega mjög ánægjuleg tíðindi,“ staðfestir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins.

Skálar félagsins á hálendinu opna fyrir gistingu í lok júní og segir Páll að síðustu mánuðir hafi verið sérstakir. „Óvissan hefur verið mikil en það sem hefur komið okkur á óvart er að mjög lítið hefur verið um afbókað skálapláss í sumar.

> **Mjög lítið hefur verið um afbókað skálapláss.**
>
> Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands



Fólk hefur haldið að sér höndum, Íslendingar og útlendingar. Það bendir til þess að erlendir ferðamenn hafi haldið í vonina um að geta heimsótt landið þrátt fyrir allt og ekki viljað slá ferðina til Íslands út af borðinu,“ segir Páll.

Hann segist hafa orðið var við mikinn áhuga Íslendinga á ferðum upp á hálendið. Það skapi þó ákveðin vandræði því að ekki sé hægt að selja þeim gistingu sem þegar hefur verið bókuð af útlendingum.

„Við verðum heldur betur vör við það að Íslendingar ætla að ferðast innanlands í sumar.

Það er mikið um fyrirspurnir og síðustu misseri hafa um 200 nýir félagsmenn gengið í Ferðafélag Íslands. Núna eru meðlimir orðnir um tíu þúsund talsins“ segir Páll.

**– bþ**

## Gera ráð fyrir að tapa hálfum milljarði króna

**FÓTBOLTI** Félög í Pespi-Max deild karla gera ráð fyrir tapi upp á 447 milljónir króna í ár, eða meðaltekjutapi um 21 prósent vegna COVID-19 faraldursins. Í skýrslu sem Deloitte gerði í samvinnu við KSÍ. Einnig kemur fram að tap í efstu deild var 68 milljónir króna á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að heildartekjurnar verði rúmir tveir milljarðar en útgjöldin um 2,5 milljarðar.

> **Tap félagsliða í efstu deild karla nam 68 milljónum króna á síðasta ári.**

Barna- og unglingamót skila knattspyrnudeildunum miklum tekjum. Þannig fengu Blikar um 110 milljónir í tekjur fyrir sín mót.

**– bb / sjá síðu 26**

## Aukin lántaka sé ekki lausnin

**VIÐSKIPTI** Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir ekki víst að aukin skuldsetning muni leysa vanda fyrirtækja sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Mikilvægt sé að fyrirtæki semji fyrst við kröfuhafa áður en þau leiti á náðir ríkissjóðs.

„Brúarlánin og að einhverju leyti stuðningslánin eru einn valmöguleikinn sem fyrirtækjum stendur til boða við endurskipulagningu en ég held að stór hluti af vandamálum þeirra verði ekki leystur með frekari lánum,“ segir Ásgeir.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir nýja spá Seðlabankans „í bjartsýnni kantinum“. Það komi á óvart að bankinn geri ekki ráð fyrir meiri samdrætti í fjárfestingu í ár.

**– hae, kij / sjá síðu 10**




**Hágæða harðparket í miklu úrvali**

**Harðparket er með einstaklega sterkt yfirborð sem býður upp á mikinn umgang og viðhaldið er svo til ekkert, svo er það líka fallegt!**

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • parki@parki.is • 595 0570

## Veður




Sunnan 8-13 í dag og skúraleiðingar, en víða bjartviðri nyrðra með hita að 16 stigum NA-lands. Hiti 3 til 16 stig. SJÁ SÍÐU 22



**Patrekur Maron Magnússon, framkvæmdastjóri Myntkaup ehf.**

# Mikill áhugi á stafrænu gulli

**VIÐSKIPTI** „Viðtökurnar hafa verið framar vonum og sérstaklega hjá eldri kynslóðum sem kom okkur örlítið á óvart,“ segir Patrekur Maron Magnússon, framkvæmdastjóri Myntkaupa ehf. Þann 11. maí síðastliðinn setti fyrirtækið samnefndan vef í loftið þar sem Íslendingar geta með einföldum hætti keypt og selt rafmyntina bitcoin. Þegar þessi orð eru skrifuð hafa um 500 Íslendingar skráð sig á vefinn og alls hafa þessir einstaklingar keypt rafmyntina fyrir um átta milljónir króna.

Mikil vinna fólst í því að fá skráningu á starfseminni hjá Fjármálaeftirlitinu. „Það var ellefu mánaða ferli,“ segir Patrekur. Að hans mati var mikil þörf á því að Íslendingar fengju vettvang fyrir slík rafmyntaviðskipti.

„Það var mjög flókið og tímafrekt að fá reikninga hjá erlendum rafmyntamiðlunum, til dæmis var nauðsynlegt að senda út afrit af skilríkjum og annað slíkt. Hérlendis erum við svo heppin að hafa rafræn skilríki sem auðvelda slíka auðkenningu gífurlega. Það tekur því mjög skamma stund að stofna reikning og hefja viðskipti með Bitcoin gegn vægum þóknunum,“ segir Patrekur.

Að hans sögn er áhugi landans á rafmyntinni mikill. „Ég segi stundum að bitcoin sé í raun og veru stafrænt gull enda er þetta takmörkuð auðlind. Það eru því sífellt fleiri sem hafa áhuga á að eiga rafmyntina sem hluta af sínu eignasafni.“ **– bþ**

# Mikill eldsvoði á Akureyri



Mikill bruni kom upp í íbúðarhúsnæði við Hafnarstræti á Akureyri um klukkan 20 á þriðjudagskvöld. Slökkvilið réð niðurlögum eldsins um 21.30 en reykkafarar fundu mann án meðvitundar á miðhæð. Var hann fluttur á sjúkrahús bæjarins en þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Eldsupptök eru ókunn en húsið er eitt af þeim eldri á Akureyri. Húsið er gjörónýtt og taldi slökkviliðsstjóri líklegt að það yrði rifið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Stál í stál milli Icelandair og Flugfreyjufélags

**KJARAMÁL** Samninganefnd Flugfreyjufélags Íslands hafnaði í gær tilboði Icelandair og er kjaradeilan í algjörum hnút. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, sagði tilboðið hafa verið lokatilboð og nú þurfi að leita annarra leiða. Bogi hefur ekki gefið það upp hvað felist í öðrum leiðum en hann hafnaði því þó að Icelandair væri í viðræðum við önnur stéttarfélög.

Guðlaug Líney Jóhannsdóttir, formaður Flugfreyjufélagsins, sagði tilboði afarkosti og keimlíkt fyrra tilboði sem hefði verið hafnað á afgerandi hátt.

„FFÍ neitar að láta hræðsluáróður forsvarsmanna Icelandair beygja félagsmenn í duftið,“ segir í yfirlýsingu félagsins.

Báðir aðilar segjast þó vera samningsfúsir og viljugir til að ná lendingu í deilunni. **– khg**

**Aðalfundur**
**Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi, Fljótshlíð, föstudaginn 12. júní 2020 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á 27. gr. samþykkta félagsins.
3. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skulu hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkta félagsins.

Reykjavík, 19. maí 2020.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

# Hermenn fá SS-pylsur sendar vestur um haf

**Fyrrverandi hermenn sem störfuðu á herstöðinni í Keflavík tóku margir ástfóstri við Ísland. Sakna miðnæturgolfs og séríslensks matar sem þeir láta senda sér vestur, eins og íslenskar pylsur og ekki síst séríslenskar sósur með.**

**SAMFÉLAG** Bandarískir hermenn sem störfuðu á herstöðinni við Keflavíkurflugvöll eru margir hverjir sólgnir í íslenskan mat eftir dvöl sína hér. Í viðleitni til að endurupplifa ljúfar minningar úr norðri setja margir hverjir það ekki fyrir sig að borga hátt verð fyrir eitt af flaggskipum íslenskrar matarmenningar, skammt af SS-pylsum með öllu.

Á Facebook-síðunni NASKEF er tæplega 5.000 manna samfélag þeirra sem tengjast herstöðinni fyrrverandi með einhverjum hætti. Þar deila Bandaríkjamenn reglulega myndum af því þegar matarpakkar berast frá íslenskum netverslunum. Einn þeirra sem birti á dögunum slíka mynd er Richard J. Tate. Hann settist í helgan stein fyrir nokkrum árum eftir tæplega aldarfjórðungs þjónustu í bandaríska hernum. Á ferli sínum var hann staðsettur á herstöðvum Bandaríkjamanna um allan heim en einn staður stendur upp úr, Ísland.

„Ég var í átján mánuði á Íslandi, frá september 2003 fram á sumarið 2005. Ég elskaði landið og myndi alvarlega íhuga að sækja um starf þar sem almennur borgari ef herstöðin myndi einhvern tímann opna aftur,“ segir Richard.

Hann nefnir miðnæturgolf að sumri til sem eina af sínum bestu minningum en að sérstaklega hafi vinátta og hlýja Íslendinga heillað hann og ekki síður matarhefðir landsins. „Ég elskaði fiskinn ykkar, sérstaklega þorskinn og laxinn. Svo var lambakjötið alveg ótrúlegt,“ segir Richard.

Uppáhaldsskyndibitinn hans á meðan á dvöl hans stóð voru SS-pylsur. „Ég gekk inn á sölustað og óskaði eftir því að fá pylsu alveg eins og Íslendingar vilja hana og fékk hana því með öllu. Það var alveg unaðsleg máltíð og ég fékk mér reglulega pylsur á meðan á dvöl minni stóð,“ segir Richard sem kveðst vera mikill pylsuunnandi og hafa bragðað slíka fæðu víða um heim. Engar pylsur komist þó með tærnar þar sem þær íslensku hafa hælanna.

„Pylsurnar sjálfar eru ljúffengar en galdurinn felst ekki síður í sósunum sem fylgja með. Brakandi ferskur laukurinn er svo punkturinn yfir i-ið,“ segir Richard af innlifun.




**Richard J. Tate, fyrrverandi hermaður á Íslandi, deildi mynd af feng sínum við mikinn fögnuð kollega sinna úr bandaríska hernum.** MYND/AÐSEND

> **Pylsurnar sjálfar eru ljúffengar en galdurinn felst ekki síður í sósunum sem fylgja með.**
>
> Richard J. Tate



Richard, sem er búsettur í New Jersey-fylki í Bandaríkjunum, pantaði því á dögunum matarpakka frá íslenskri netverslun, alls fimm pylsur með öllu tilheyrandi sem og skammt af kokteilsósu. Pakkinn kostaði hann 74 dollara sem þýðir að hver pylsa hefur kostað um 2.100 krónur. Rétt er að geta þess að sendingarkostnaður vó þyngst.

„Þetta var hverrar krónu virði. Konan mín elskaði pylsurnar þannig að ég reikna með að panta fljótlega annan skammt,“ segir Richard. Hann birti mynd af fengnum á áðurnefndri Facebook-síðu og viðbrögð kollega hans létu ekki á sér standa. Fjöldi sambærilegra mynda barst og því er ljóst að tugir bandarískra hermanna láta senda sér hráefni í „eina með öllu“ vestur um haf með ærnum tilkostnaði til þess að endurupplifa ljúfar minningar frá Fróni. **bjornth@frettabladid.is**


Bókaðu
þinn tíma
Bókaðu tíma á einfaldan hátt á vef Íslandsbanka
og við höfum samband og aðstoðum þig símleiðis.
Ef erindið krefst afgreiðslu í útibúi bókum við
fund í kjölfar símtalsins og tökum vel á móti þér
á tíma sem þér hentar.
islandsbanki.is/radgjof

# Kostar 18 milljónir að klára viðbyggingu braggans

**REYKJAVÍK** Framkvæmdir eru hafnar við frágang og innréttingar á funda- og vinnuaðstöðu fyrir nemendur Háskólans í Reykjavík í náðhúsinu svokallaða sem er viðbygging við braggann sem stendur við Nauthólsvík. Er gert ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið í haust og muni kosta 18 milljónir króna.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur samþykkt breytingar á húsinu frá áður útgefnum aðaluppdráttum Arkibúllunnar, sem voru samþykktar árið 2018. Náðhúsið er ein þriggja bygginga við braggann sem að loknum framkvæmdum verður hluti af frumkvöðlasetrinu Seres. Verður þar 55 fermetra opið skrifstofu- og kynningarrými fyrir 16 til 20 manns.

„Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri hönnun á vegum háskólans og mun háskólinn bera kostnað af endurhönnun, frágangi og innréttingum,“ segir í svari HR við fyrirspurn Fréttablaðsins.



**Bragginn í Nauthólsvík hefur kostað skildinginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framkvæmdum var hætt haustið 2018 eftir að í ljós kom að kostnaður hafði farið langt fram úr fjárheimildum, höfðu framkvæmdirnar þá kostað 415 milljónir króna.

Bar HR og borginni ekki saman um hvort búið væri að afhenda skólanum náðhúsið. „Þegar braggamálið kom upp sögðum við að það kæmi ekki til greina að setja meira fé í þessar byggingar og það hefur gengið eftir,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík.

„Braggamálið er dæmi um erfitt mál sem kom upp og var tekið á af auðmýkt og ábyrgð, ekki yfirhylmingu og afneitun. Við umturnuðum öllu stjórnkerfinu í kjölfar braggamálsins og styrktum eftirlit.“ **– ab**



**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra þakkaði þingheimi í gær.**

## Samþykkja lög um neyslurými

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumvarp heilbrigðisráðherra um neyslurými varð að lögum á Alþingi í gær. Með lögunum er sveitarfélögum heimilað að koma á fót verndu umhverfi þar sem einstaklingar geta neytt ávana- og fíkniefna í æð undir eftirliti starfsfólks þar sem gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna. Markmið laganna er að auka lífsgæði og bæta heilsufar þeirra sem neyta ávana- og fíkniefna í æð og draga úr neyslu slíkra efna utandyra á almannafæri.

> **Við erum að sýna fólki virðingu sem er í sérstaklega erfiðri stöðu og er jaðarsettast af öllum íbúum samfélagsins.**
>
> Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

„Við erum með þessu móti að bjarga mannslífum. Við erum að sýna fólki virðingu sem er í sérstaklega erfiðri stöðu og er jaðarsettast af öllum íbúum samfélagsins og gríðarlega mikilvægt að við mætum því þar sem það er statt,“ sagði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra þegar greidd voru atkvæði um málið á Alþingi. **– aá**

# Frú Ragnheiður fær aukið fé

**Heilbrigðisráðherra veitti í gær Frú Ragnheiði sex milljóna styrk til verkefnisins. Enn vantar mikið fjármagn til að halda verkefninu gangandi. COVID-19 hefur orsakað skort á efnum og ofbeldi hefur aukist.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra tilkynnti í gær ákvörðun sína um að veita sex milljón króna styrk til Frú Ragnheiðar, skaðaminnkunarverkefnis Rauða krossins. Styrkurinn kemur til viðbótar við níu milljóna styrk sem verkefninu var veittur þegar styrkjum var úthlutað til félagasamtaka sem starfa að heilbrigðismálum fyrr á þessu ári.

Frú Ragnheiður er sjálfboðaliðaverkefni sem býður fólki sem notar vímuefni í æð upp á skaðaminnkandi þjónustu, svo sem nýjar nálar, ásamt því að veita heilbrigðisþjónustu. Þjónustan er veitt í sérútbúnum bíl sem er á ferðinni um höfuðborgarsvæðið sex kvöld í viku.

Í svari Rauða krossins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins, að styrkurinn sé afar mikilvægur til að halda verkefninu gangandi en að enn vanti mikið upp á.

„Styrkur sem þessi aðstoðar okkur auðvitað við að halda verkefninu áfram en það vantar enn töluvert fjármagn til þess að halda verkefninu úti. Fjárþörfin er mjög mikil,“ segir Brynhildur.

Rauði krossinn heldur úti skaðaminnkunarverkefni ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig á Akureyri og er stefnt á að fara af stað með álíka verkefni á Suðurnesjum. „Það er ljóst að þörfin fyrir skaðaminnkunarverkefni er mikil og það er ábyrgðarhlutverk að halda úti samfelldri þjónustu,“ segir Brynhildur.

Frá því að kórónuveirufaraldurinn skall á hafa áherslur Frú Ragnheiðar breyst að mörgu leyti þrátt fyrir að markmiðið með þjónustunni sé enn hið sama, að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu í formi heilbrigðisþjónustu og nálaskiptiþjónustu. Með tilkomu faraldursins var lögð aukin áhersla á að koma upplýsingum um COVID-19 til þess hóps sem þangað leitar.



**COVID-19 hefur haft mikil áhrif á starfið og margir skjólstæðingar óupplýstir um smitvarnir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það er minna af efnum í umferð og þau eru dýrari og erfiðara að nálgast þau. Þá hefur ofbeldi aukist.**
>
> Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins.



Breyttar áherslur verkefnisins og upplýsingagjöf hefur gengið vel samkvæmt Brynhildi og ekki hefur komið upp smit í skjólstæðingahópi Frú Ragnheiðar. „Margir okkar skjólstæðinga hafa ekki tækifæri til að fylgjast með fréttum enda um 65 prósent þeirra heimilislausir og því gríðarlega mikilvægt að koma til dæmis upplýsingum um smitvarnir til þeirra,“ bætir hún við.

Þá segir hún faraldurinn hafa haft gríðarleg áhrif á bæði starfið og skjólstæðinga verkefnisins. „Það er minna af efnum í umferð og þau eru dýrari og erfiðara að nálgast þau. Þá hefur ofbeldi aukist,“ segir Brynhildur.

Vel hefur gengið að halda starfseminni gangandi þrátt fyrir faraldurinn og einungis hefur ein vakt dottið út frá því að samkomubann var sett á. „Helsta breytingin var kannski flóknara verklag og slíkt en verkefnið er auðvitað ekkert annað en skjólstæðingarnir svo að erfiðleikar sem þeir glíma við birtast okkur mjög greinilega.“

**birnadrofn@frettabladid.is**




ISBAND | UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

KRÓNAN

# Opið í dag

## í öllum Krónu verslunum!

Sjá nánar á kronan.is




Góður á grillið í kvöld!

Citterio parmaskinka

**699** kr. pk.

Ferskur grill aspas beint frá Spáni



-20%

Ananas, ferskur

**239** kr. kg

Verð áður ~~299~~ kr. kg



Krónan mælir með!

Aspas, ferskur í búnti

**599** kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Áætlað er að frumsýna þættina Ráðherrann næsta haust.

## Ráðherrann ekki í gögnum

**STJÓRNSÝSLA** Fjörutíu- og fjögurra milljón króna sýningarréttargreiðsla á þáttunum Ráðherrann sem gjaldfærð var fyrir árið í fyrra var ekki í gögnum sem Ríkisútvarpið afhenti Fréttablaðinu. Var upphæðin sem Saga Film fékk greidda fyrir þættina 126 milljónir króna í fyrra en ekki 82 milljónir. Þegar sú greiðsla er tekin með í reikninginn stemma gögnin við tölur sem birtar voru í ársskýrslu RÚV fyrir árið í fyrra.

Í svari RÚV við fyrirspurn blaðsins segir að greiðslan hafi verið tekin út fyrir sviga en hafi átt að vera tekin með í reikninginn. Samkvæmt viðmiðum í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Ríkisútvarpið bar stofnuninni að verja 11 prósentum af heildartekjum sínum í fyrra til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum. **– ab**

## Kæra Ríkiskaup

**STJÓRNSÝSLA** Auglýsingastofan Pipar/TBWA hefur kært Ríkiskaup vegna vals á tilboði auglýsingastofunnar M&C Saatchi í markaðsátakinu „Ísland – saman í sókn“. Vill Pipar/TBWA að verkefnið, sem hljóðar upp á rúmar 300 milljónir króna, fari til þeirra.



**Guðmundur Hrafn Pálsson, framkvæmdastjóri Pipar/TBWA**

Kæran byggir meðal annars á broti á jafnræðisreglu og dregið er í efa að M&C Saatchi geti talist gjaldgengt til að stofna til viðskiptasambanda við hið opinbera í ljósi rannsóknar breska fjármálaeftirlitsins á meintum bókhaldsbrotum.

Einnig er vísað til frétta um að bresk stjórnvöld hafi ekki farið í útboð EES-svæðinu á verkefnum tengdum viðbrögðum við COVID-19 og þannig fyrirgert möguleikum breskra fyrirtækja til að taka þátt í útboðum. – ab

# Staðfesta ákvörðun um smálánafyrirtæki

**NEYTENDUR** Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest ákvörðun Neytendastofu um að íslensk lög eigi við um smálán eCommerce 2020 sem rak vörumerkin Smálán, Kredia og fleiri hér á landi. Í fyrra breytti eCommerce 2020 lánafyrirkomulagi sínu að kröfu Almennrar innheimtu og hóf að veita lán með íslensku hámarki, sem er nú 36 prósent vextir. Áður var árleg hlutfallstala kostnaðar allt að 13 þúsund prósent.

> **eCommerce 2020 og innheimtuaðili þeirra hér á landi hljóta að endurgreiða viðskiptavinum sínum ofgreidda vexti.**
>
> Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna



Fyrirtækið var skráð í Danmörku en lánar aðeins Íslendingum og var álitamál hvort íslensk eða dönsk lög ættu við um samningana.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá nýverið tilkynnti danska fjármálaeftirlitið starfsemi þess til lögreglu fyrir meint brot á lögum um peningaþvætti. Var starfsemin í kjölfarið færð til Íslands.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart. „Um er að ræða lán sem voru veitt á Íslandi og í íslenskum krónum. eCommerce 2020 og innheimtuaðili þeirra hér á landi hljóta að endurgreiða viðskiptavinum sínum ofgreidda vexti,“ segir Brynhildur.

„eCommerce 2020 er hætt smálánastarfsemi, blessunarlega, en það er dönskum yfirvöldum að þakka sem hafa kært fyrirtækið fyrir brot á lögum um peningaþvott.“ **– ab**

# Efla á rannsóknir og vísindi

**Stjórnvöld ætla að setja milljarð króna fram til 2023 í Markáætlun til að styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun. Forsætisráðherra segir COVID-19 hafa sýnt fram á mikilvægi þess að eiga öflugt vísindafólk.**

**VÍSINDI** „Það sem skiptir máli er að við erum að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun með auknum fjármunum og nýjum verkefnum. Svo skiptir líka máli hvernig við nýtum vísindin í opinberri stefnumótun,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Ríkisstjórnin kynnti í gær áherslur sínar í nýsköpun og vísindum. Verja á milljarði króna fram til ársins 2023 í gegnum sérstaka Markáætlun um samfélagslegar áskoranir. Lögð verður sérstök áhersla á loftslagsbreytingar og sjálfbærni, heilbrigðisvísindi og fjórðu iðnbyltinguna.

„Í aðdraganda þessarar nýju markáætlunar fórum við í töluvert mikið samráð við ýmsa aðila. Það eru þessar þrjár áskoranir sem standa upp úr, hvort sem þú spyrð almenning, fræðasamfélagið eða aðra. Þetta eru stóru áskoranirnar fram undan sem þarf að setja aukið púður í,“ segir Katrín.

Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að árið 2024 nemi fjárfestingar til rannsókna og þróunar þremur prósentum af landsframleiðslu. Hlutfallið nam 2,02 prósentum árið 2018 og hafði þá lækkað milli ára. Katrín segir að enn sé stefnt að því að ná þriggja prósenta markinu.

„En þetta snýst ekki bara um opinber framlög heldur líka framlög einkageirans. Þess vegna erum við með þessa blönduðu aðferðafræði. Við erum að styðja grunnrannsóknirnar sem er auðvitað mjög mikið opinbert fjármagn.“

Stjórnvöld séu líka með auknum stuðningi að reyna að gera nýsköpunarfyrirtækjum kleift að vaxa frá því að vera sprotar og fullvaxta fyrirtæki.



Ráðherrar og fulltrúar vísindasamfélagsins kynntu Markáætlunina í Hannesarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við höfum líka séð það í gegnum þennan faraldur hversu miklu það skiptir að eiga öflugt rannsókna- og vísindafólk. Þarna vorum við að takast á við eitthvað sem í rauninni allar þjóðir stóðu frammi fyrir og það var ekki hægt að flytja inn einhver svör.“

Í gær var líka kynnt 27 liða aðgerðaáætlun verkefnisstjórnar vegna fjórðu iðnbyltingarinnar. Voru þær tillögur unnar í framhaldi af skýrslu nefndar um málið sem skilað var fyrir rúmu ári.

„Þessi aðgerðaáætlun er svona praktískur leiðarvísir um hvað stjórnvöld og samfélagið þurfa að ráðast í á næstu misserum. Þar er kannski lykilþáttur að við þurfum að þjálfa samfélagið til að takast á við þessar breytingar,“ segir Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður verkefnisstjórnarinnar.

> **Við höfum líka séð það í gegnum þennan faraldur hversu miklu það skiptir að eiga öflugt rannsókna- og vísindafólk.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Það þurfi að hjálpa fólki að öðlast ákveðna færni í að nota þessa nýju tækni til að það geti sjálft búið sér til verðmæti svo störf séu ekki í hættu.

Varðandi erfiða stöðu á vinnumarkaði í kjölfar COVID-19 faraldursins segist Huginn auðvitað vonast til þess að hagkerfið taki aftur við sér og búi til störf á ný.

„En mikilvæg viðbót inn í aðgerðaáætlunina er auðvitað að stjórnvöld eiga líka að geta hjálpað fólki að öðlast færni miðað við þá tækni sem er að fara að taka yfir á vinnumarkaði. Við eigum núna að geta nýtt þessa stöðu sem upp er komin til að þess að gera ákveðnar breytingar og hraða því að stjórnvöld innleiði þær.“

**sighvatur@frettabladid.is**




# Sameining dómstóla verði skoðuð

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun mælir með því að fjallað verði um eftirlitshlutverk dómstólasýslunnar með stjórnsýslu dómstólanna í lögum og kveðið verði á um heimild til að skjóta til hennar ákvörðunum dómstjóra er lúta að stjórnsýslu dómstóla. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslunni sem unnin er að beiðni Alþingis segir að dómstólasýslan hafi á sínum stutta starfstíma markað sér trúverðuga stefnu og framtíðarsýn. Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við hvernig stofnunin hefur sinnt sameiginlegri stjórnsýslu dómstólanna. Hún hafi staðið undir þeirri ábyrgð sem henni var falið við gildistöku nýrra dómstólalaga.

Í skýrslunni er þó ítrekað að dómstólasýslan þurfi að hafa aðgang að sérfræðiþekkingu í tölvu- og tæknimálum en hún hefur leitt þróun tölvu- og tæknimála innan hennar og fyrir dómstólana án þess að búa yfir sérstakri sérþekkingu í málaflokknum. Stofnunin hafi til dæmis ráðist í útboð á tölvuþjónustu án þess að geta leitað leiðsagnar eða ráðgjafar sérfræðinga í sínu fagráðuneyti.



Héraðsdómur Austurlands er á Egilstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er einnig mælst til þess að metið verði hver annars vegar fagleg og hins vegar fjárhagsleg samlegðaráhrif yrðu af sameiningu héraðsdómstóla og bent á að við fámennustu dómstólana starfi aðeins einn dómari. Það sé ekki ákjósanleg staða í ljósi eftirlitsvalds dómstjóra. **– aá**

ORIGINS

# DRINK UP™

## VINSÆLUSTU MASKARNIR FRÁ ORIGINS

**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM ORIGINS MÖSKUM Í HAGKAUP 21.-27. MAÍ




*Origins fæst í Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri*

**HAGKAUP**

*Snyrtivara*



Það gustar um Netanyahu sem fyrr.

## Netanyahu mætir fyrir dómstóla

**ÍSRAEL** Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, hefur verið gert að mæta fyrir dómstól í Jerúsalem á sunnudag. Réttarhöld hans áttu að hefjast í síðasta mánuði en var frestað af dómsmálaráðherra vegna kórónuveirufaraldursins.

Forsætisráðherrann var ákærður í fyrra fyrir fjársvik, trúnaðarbrest og fyrir að taka við mútum. Netanyahu hefur ítrekað neitað sök og fullyrt að hann sé fórnarlamb pólitískra nornaveiða.

Lögfræðingar Netanyahu höfðu beðið dómstólinn um undanþágu frá því að mæta fyrir upphaf málsmeðferðarinnar en beiðninni var hafnað þar sem ekki þótti næg ástæða til.

Hæstiréttur Ísraels úrskurðaði fyrr í mánuðinum að Netanyahu mætti mynda ríkisstjórn þrátt fyrir ákærurnar. – atv



Barist er um hvern hlífðargalla og hverja grímu innan Bandaríkjanna.

## Lélegar varnir á spítölunum

**BANDARÍKIN** Ný könnun sýnir að varnir bandarískra hjúkrunarfræðinga gegn COVID-19 sýkingu eru lélegar. Starfsfólk fær fá próf, þarf að endurnýta hlífðarfatnað og sé orðið vant því að vinna í aðstæðum sem séu hættulegar heilsu þess.

„Við höfum vitað í mörg ár að við erum eftir á,“ segir Jean Ross, forseti bandaríska hjúkrunarfræðingasambandsins. Það sé ekki vegna þess að ekki sé hægt að fjármagna aðbúnaðinn, heldur sé kerfið sjálft græðgisvætt og spítalar þurfi að skila eigendum arði.

**87%**

**voru neydd til að endurnýta hlífðarfatnað.**

Alls svöruðu 23 þúsund hjúkrunarfræðingar í öllum 50 fylkjunum könnuninni í apríl og maí. 84 prósent höfðu ekki fengið COVID-19 próf og 87 prósent voru neydd til að endurnýta hlífðargalla og grímur. 72 prósent störfuðu án þess að húð þeirra væri að fullu varin. Stór hluti þeirra sem hefur verið prófaður hefur reynst vera sýktur af veirunni.

Gríðarleg samkeppni er um hlífðarfatnað á heimsmörkuðum og einnig í Bandaríkjunum. Hafa sum fylki og spítalar leitað til ofurríkra einstaklinga um hjálp til að útvega og fjármagna kaupin. – khg

## Suðandi verndarar vistkerfisins



Býflugnabóndi er hér við störf í Barlinekskógi í Póllandi þar sem unnið er hörðum höndum við það að styrkja stofn býflugna á svæðinu. Alþjóðlegi býflugnadagurinn var haldinn hátíðlegur í gær en honum er ætlað að vekja athygli á mikilvægi býflugna í vistkerfi jarðarinnar. MYND/EPA

# Endurútgefa hið sögufræga Útvegsspil sem þjóðin elskar

**Hið sögufræga Útvegsspil frá árinu 1977 verður endurútgefið í ár. Margir eiga góðar minningar um spilið og ganga eintök af upprunalega spilinu kaupum og sölum á netinu á tugþúsundir króna hvert stykki. Verkefnið hófst fyrir um sjö árum síðan og hönnuður spilsins, Haukur Halldórsson, tekur þátt í því.**




Upprunaleg eintök af Útvegsspilinu, sem kom út árið 1977, seljast á tugi þúsunda króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**MENNING** „Hugmyndin að endurútgáfunni spratt upp frá einstökum áhuga á að spila Útvegsspilið aftur,“ segir Stefán Sigurjónsson, sem hefur starfað í auglýsingageiranum og hefur endurvakið spilaútgáfuna Spilaborg sem gaf spilið út á sínum tíma.

Ferðalagið hófst fyrir um sjö árum síðan, þegar Stefán fór að óska eftir Útvegsspilinu á netinu og sá þá að margir voru í sömu stöðu. Var fólk tilbúið til að greiða vel fyrir eintök, allt upp í 70 þúsund krónur.

Útvegsspilið snýst, eins og nafnið gefur til kynna, um sjávarútveg. Að kaupa dalla og fiskvinnslur og græða monninga. Kom spilið upprunalega út árið 1977 og var endurprentað með smávægilegum breytingum tveimur árum síðar. Árið 1981 kom út ensk útgáfa, Glopol.

Stefán setti sig í samband við Hauk Halldórsson myndlistarmann, sem hannaði Útvegsspilið, og ákváðu þeir að hefja samstarf ásamt fjölskyldu Hauks, en hann er nú kominn á níræðisaldur. Lítið gerðist þó í verkefninu um nokkurn tíma vegna anna. „Núna í sóttkvínni blésum við rykinu af þessu og settum allt aftur í gang. Viðbrögðin hafa verið mikil, sérstaklega hjá eldri kynslóðinni, og við fáum mikið af spurningum,“ segir Stefán. Vonast hann til þess að þessi áhugi smitist yfir í yngri kynslóðir.

Spurður um hver galdurinn við Útvegsspilið sé segir Stefán það vera hönnunina og teikningar Hauks. Þá sé spilið einnig nátengt helsta atvinnuvegi landsins og margir eigi góðar minningar. Stefán og félagar hafa einmitt verið að safna saman myndum og sögum fólks af spilinu.

„Við höfum fengið alls konar sögur. Til dæmis frá einum sem sagði að pabbi sinn hefði læst sig inni með vinum sínum einu sinni í viku til að spila og enginn í fjölskyldunni mátti koma inn,“ segir Stefán. „Ég hef frá skipstjórum að þeir hafi haft spilið um borð, stundum aðeins spilapeningana sjálfa og þá handteiknað borðið sjálft eftir minni og plastað það. Eintök af spilinu hafa sokkið með skipum.“

> Eintök af spilinu hafa sokkið með skipum.
>
> Stefán Sigurjónsson, spilaútgefandi

Margt hefur breyst í íslenskum sjávarútvegi síðan árið 1977, meðal annars tilkoma kvótakerfisins. Stefán segir að spilið muni koma út í upprunalegri mynd. En samhliða því sé verið að vinna að því með spilaprófurum að gefa út uppfærðar reglur sem viðbót, og hugsanlega aukahluti. Þar að auki er verið að vinna að stafrænni útgáfu, í ætt við fantasy íþróttadeildir. „Við eigum líka tilbúna útgáfu af spilinu með öllum heimshöfunum undir, eins konar alheimsútgáfu.“

Stefán segir að stefnt hafi verið að útgáfu fyrir jólin. En vegna áhuga og þrýstings frá verslunum er nú verið að meta hvort útgáfan komi fyrr. Þegar séu þeir farnir að taka við forpöntunum.

kristinnhaukur@frettabladid.is


1
Loforð Vodafone um betri þjónustu
Segjum það eins og það er
Erna
Deildarstjóri
Við ætlum að tala skýrt og á mannamáli. Við ætlum að vera gagnrýnin á okkur sjálf, setja markið hátt og gera viðskiptavini okkar ánægðari.
Starfsfólk Vodafone
vodafone
vodafone.is/nyttupphaf

# Auknar lántökur leysa ekki vandann

**Seðlabankastjóri telur að fjárhagsvandi margra fyrirtækja verði ekki leystur með auknum lántökum. Forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins segir koma á óvart að Seðlabankinn geri ekki ráð fyrir meira en sex prósenta samdrætti í fjárfestingu í ár.**



Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri. Bankinn spáir átta prósenta samdrætti landsframleiðslu í ár en fimm prósenta vexti árið 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Seðlabankastjóri segir ekki víst að aukin skuldsetning muni leysa vanda þeirra fyrirtækja sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Mikilvægt sé að fyrirtæki semji fyrst við kröfuhafa áður en þau leiti á náðir ríkissjóðs.

„Brúarlánin og að einhverju leyti stuðningslánin eru einn valmöguleikinn sem fyrirtækjum stendur til boða við endurskipulagningu skulda en ég held að stór hluti af vandamálum þeirra verði ekki leystur með frekari lánum,“ segir Ásgeir Jónsson í samtali við Markaðinn.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir nýja þjóðhagsspá Seðlabankans „í bjartsýnni kantinum“. Það komi á óvart að bankinn geri ekki ráð fyrir meiri samdrætti í fjárfestingu í ár.

Grunnspá bankans gerir ráð fyrir að samdráttur heildarfjármunamyndar verði ríflega sex prósent í ár en vaxi svo á ný á næsta ári.

„Þetta er því miður fjarri því sem við sjáum og heyrum frá okkar félagsmönnum. Eru meiri líkur á að tuga prósenta samdráttur verði í fjárfestingu á árinu og muni vara eitthvað fram á næsta ár,“ segir Ásdís.

Fjárfestar tóku almennt vel í 0,75 prósentustiga lækkun stýrivaxta Seðlabankans en til marks um það lækkaði ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa um 10 til 46 punkta í viðskiptum gærdagsins. Á hlutabréfamarkaði hækkaði úrvalsvísitala Kauphallarinnar um tæplega eitt prósent.

Ásdís segir að miðað við nýja spá Seðlabankans um verðbólgu og framleiðsluslaka fái hún ekki betur séð en að frekari stýrivaxtalækkanir séu nauðsynlegar til þess að örva hagkerfið.

### Vaxtaálagið rýkur upp

Þrátt fyrir lækkandi stýrivexti – en þeir hafa lækkað úr 3 prósentum í febrúar í 1 prósent nú - hefur vaxtaálag á fyrirtækjalán haldið áfram að hækka en í nýútkomnu maíhefti Peningamála er tekið fram að vextir á nýjum slíkum lánum séu nú um fimm prósentustigum yfir meginvöxtum Seðlabankans.

Ásgeir segist ekki hafa áhyggjur af lausafjárþurrð í bankakerfinu, enda séu bankarnir fullir af lausafé. Hins vegar sé ljóst að erfiðara verði fyrir bankana að lækka útlánavexti þegar stýrivextir eru orðnir mjög lágir. Það sé áhyggjuefni.

„Ég útiloka ekki að við grípum til einhverra aðgerða í framhaldinu til þess að reyna að örva bankana,“ segir hann.

Aðspurður hvort til greina komi – til þess að stuðla að auknum útlánum bankanna – að gera fleiri bréf, svo sem sértryggð skuldabréf, veðhæf í viðskiptum við Seðlabankann og að bankinn láni til lengri tíma í senn segir Ásgeir að það komi til skoðunar.

Nú þegar peningastefnunefnd hafi ákveðið að hætta að bjóða upp á einsmánaðarbundin innlán eigi bankinn kost á því að breyta reglum sínum um endurhverf viðskipti. Hann hafi haft áhyggjur af því að bankarnir hafi að öðrum kosti getað hagnast (e. arbitrage) með jákvæðum vaxtamun gagnvart Seðlabankanum á því að geyma fé sitt á bundnum innlánsreikningi í bankanum.

**Vaxtaálag á útlánum[1]**




[1]Mismunur á vegnum meðalvöxtum á óverðtryggðum útlánum stóru viðskiptabankanna þriggja og meginvöxtum Seðlabankans. Nýjustu tölur eru bráðabigðatölur. Heimildir: Seðlabanki Íslands

> Miðað við spá Seðlabankans um verðbólgu og framleiðsluslaka sé ég ekki betur en að frekari stýrivaxtalækkanir séu nauðsynlegar til þess að örva hagkerfið.



Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

### Horfast í augu við breytta tíma

Ásgeir segist hafa lagt áherslu á það í samtölum sínum við fulltrúa bankanna að lokið verði við útfærslu brúar- og stuðningslána áður en aðrar aðgerðir verði ræddar.

Hann segir bankana munu að óbreyttu ráða vel við að endurskipuleggja ferðaþjónustuna. Hættan sé hins vegar sú að áhrif efnahagsáfallsins muni teygja sig víðar með tilheyrandi tjóni fyrir bankana.

„Með aðgerðum okkar erum við að reyna að örva innlenda eftirspurn eins og við getum til þess að koma í veg fyrir að önnur fyrirtæki sem eru ekki í ferðaþjónustu en eru háð innlendri eftirspurn lendi á bönkunum,“ útskýrir Ásgeir.

Eins og áður sagði leggur seðlabankastjóri áherslu á að fyrirtæki nái samkomulagi við kröfuhafa áður en ríkissjóður komi að borðinu, eins og hann orðar það.

„Fyrirtækin þurfa að semja við sína kröfuhafa eins og til að mynda leigusala. Það virðist sem dæmi sem leigufélögin ætli ekki að lækka leigu, heldur ætlast til þess að aðrir gefi eftir og þau geti haldið áfram að innheimta þessa háu leigu sem hefur myndast víða, sérstaklega í miðbænum, síðustu ár,“ segir hann.

Ferðaþjónustan og aðrir henni tengdir þurfi að horfast í augu við breytta tíma. Aðlögun þurfi að eiga sér stað.

### Bjartsýn spá Seðlabankans

Samkvæmt fyrrnefndri þjóðhagsspá Seðlabankans eru horfur á átta prósenta samdrætti landsframleiðslu í ár. Vegur þar þyngst yfir áttatíu prósenta fækkun í komum ferðamanna til landsins.

Spá bankans gerir þó ráð fyrir að efnahagsumsvif taki smám saman að færast í eðlilegt horf á seinni hluta þessa árs og er spáð tæplega fimm prósenta hagvexti á næsta ári.

Þó tekur bankinn fram að óvissan sé mikil og þróun mála muni ráðast af framvindu faraldursins.

Aðspurð segir Ásdís það vekja athygli hve bjartsýnn bankinn sé á fjárfestingu í ár.

„Efnahagsáfall af þeirri stærðargráðu sem verið er að spá mun hafa mikil og víðtæk áhrif á fjárfestingaáform fyrirtækja. Eftir algjört stopp í stórum hluta efnahagslífsins er nú verið að slaka á takmörkunum. Enn ríkir þó mikil óvissa um framhaldið og við vitum í raun ekki hvenær efnahagsumsvifin ná sér eðlilega á strik á ný.

Slík óvissa hefur eðli máls samkvæmt bein áhrif á fjárfestingarákvarðanir fyrirtækja.

Seðlabankinn spáir því að samdrátturinn í fjárfestingu atvinnuveganna verði aðeins sex prósent nú í ár en til samanburðar mældist ríflega sautján prósenta samdráttur í fyrra.

Þá gerir Seðlabankinn ráð fyrir að fjárfesting atvinnuvega vaxi á ný strax á næsta ári,“ segir hún.

Væntingar um þróun mála um þessar mundir gefa því miður, að sögn Ásdísar, ekki tilefni til annars en að fjárfesting muni dragast enn meira saman.













OPIÐ
10-21
ALLA DAGA

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Ofan af Lómfelli er frábært útsýni. Hér er horft í suður yfir Vatnsfjörð og eyjarnar á Breiðafirði. Í baksýn sést í fjöllin á Snæfellsnesi. MYND/ÓMB

# Skírnarfontur Íslands

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari.

Ísland hefur gengið undir ýmsum nöfnum í gegnum tíðina. Rúmlega þrjú hundruð árum fyrir Krist sigldi norður í höf gríski landkönnuðurinn Pýþeas og kom hann að landi sem umlukið var hafís og gaf því nafnið Thule. Þótt ekki sé sannað að um Ísland hafi verið að ræða breiddist nafnið Thule út og má finna það á ýmsum Íslandskortum frá miðöldum. Síðar komu hingað til lands írskir einsetumenn, Papar, en hvaða nafn þeir gáfu Íslandi hefur ekki varðveist í heimildum. Landnámsmaðurinn Naddoddur kom til Austfjarða frá Færeyjum og sá snævi þakin fjöll. Hann sneri aftur og gaf landinu nafnið Snæland. Næstur mætti til landsins hinn sænski Garðar Svavarsson og sigldi í kringum landið áður en hann hafði vetursetu á Húsavík. Einnig hann fékk heimþrá og í Svíþjóð kallaði hann landið Garðarshólma í höfuðið á sjálfum sér. Hinn norski Flóki Vilgerðarson fékk síðar fregnir af þessum Íslandsferðum kollega sinna. Hann notaði hrafna til þess að finna landið og fékk því viðurnefnið Hrafna-Flóki. Settist hann að í Vatnsfirði á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar reyndist veiði frábær um sumarið og gleymdi hann því að sinna heyskap. Veturinn reyndist kaldur og drápust allar skepnur hans. Gekk hann þá í þungum þönkum upp á nálægt og formfagurt fjall, Lómfell (752 m) en það liggur upp af Vatnsfirði og kalla margir heimamenn það Lónfell. Sá hann þá ofan í Arnarfjörð fullan af ísjökum, og nefndi því landið Ísland, nafn sem átti eftir að festast í sessi. Lómfell er því sannkallaður skírnarfontur Íslands. Vonsvikinn sneri Hrafna-Flóki aftur til Noregs og taldi hann að nafngiftin Ísland ætti eftir að verða öðrum víti til varnaðar – ósk sem ekki átti eftir að rætast.

Ganga á Lómfell er frábær upplifun, enda útsýnið af hátindinum frábært. Þar sést yfir Arnarfjörð og stóran hluta Vestfjarðakjálkans, en einnig Vatnsfjörð og eyjarnar á Breiðafirði. Í fjarska blasir síðan gjörvallt Snæfellsnesið við með Ljósufjöllum, Helgrindum og sjálfum Snæfellsjökli. Þetta er hvorki löng ganga né erfið en frá veginum milli Vatns- og Arnarfjarðar liggur merkt gönguleið á tindinn. Tekur innan við tvær klukkustundir að ná tindinum en efst er stórgrýtt. Þetta er einnig frábær fjallaskíðaleið síðla vors þegar vegurinn upp úr Vatnsfirði yfir Dynjandisheiði hefur verið opnaður. Í sömu ferð má ganga á Hornatær, en þær eru hinum megin við veginn í suðvestur og ekki síður tilkomumiklar en brattari en Lómfell.



Fókus á hjarta landsins



Lómfell er fagurt fjall sem sést víða að. Það er skiljanlegt að Hrafna-Flóki hafi valið það sem útsýnisstað. MYND/TG



Lómfell séð af Ýsufelli sem er nyrst Hornatáa. Dýjamosi í forgrunni. MYND/TG







KIA
The Power to Surprise

## Ferðaglaðningur

**Öllum nýjum** Kia Sorento, Kia Sportage og Kia Niro fylgir veglegur ferðaglaðningur að verðmæti **350.000 kr.**

- Dráttarbeisli með ásetningu
- 10 nátta klippikort frá Icelandair hótelum

Klippikortið gildir fyrir 10x tveggja manna herbergi á Icelandair hóteli að eigin vali.
**Settu saman ævintýraferð um Ísland fyrir þig og þína.**




**ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Frelsið



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb@frettabladid.is

Stjórnvöld og sóttvarnayfirvöld hafa unnið vel saman á tímum kórónuveirunnar og þar hafa sóttvarnasjónarmið verið höfð að leiðarljósi. Hinn yfirvegaði og farsæli sóttvarnalæknir, Þórólfur Guðnason, hefur sagt að stjórnvöld hafi ekki beitt hann þrýstingi þegar hann lagði fram erfiðar og misvinsælar tillögur. Það er vel og sömuleiðis er lán að sóttvarnalæknir skuli gera sér glögga grein fyrir því að koma verður atvinnulífinu aftur í gang. Opnun landamæra landsins er vitanlega stór þáttur í að það takist.

Það er ekki hægt að lifa í ótta. Nú ríkir hins vegar ákveðin hneigð til einangrunar og sumir vilja viðhalda henni, hafa landið lokað og hleypa sem fæstum inn. Það er engin lausn á vandanum. Margt bendir til að við munum þurfa að lifa með kórónuveirunni í nokkurn tíma. Þá þarf að takast á við það verkefni og það verður ekki gert með harkalegri og langri lok lok og læs stefnu. Sú leið skilar fjöldaatvinnuleysi, gjaldþrotum, andlegum veikindum og niðurbroti. Við búum í samfélagi og eigi það að þrífast þarf að vera atvinnuuppbygging og samgangur meðal manna.

Aðgerðir hér á landi hafa verið mildar miðað við það sem tíðkast í mörgum öðrum löndum þar sem fólki hefur vikum saman verið meinað að fara úr húsi nema til að sækja brýnustu nauðsynjar. Ekki vilja allir lúta slíkri frelsisskerðingu og víða hefur komið til mótmæla. Greina má ákveðna hneigð til að flokka þá mótmælendur alla sem hægri öfgasinna, Trumpista eða vandræðagemlinga. Heldur er það ódýr afgreiðsla. Það er ekki hægt að ætlast til að fólk taki stórfelldri frelsissviptingu í lengri tíma af þolgæði. Það þarf að sjá ljós við enda ganganna en ef það kemur ekki auga á annað en ráðleysi yfirvalda þá mótmælir jafnvel þolinmóðasta fólk kröftuglega. Það eru skiljanleg og eðlileg viðbrögð. Fólki á ekki að standa á sama um eigin mannréttindi.

Höft og takmarkanir hafa ríkt hér á landi, blessunarlega þó í minni mæli en í flestum öðrum löndum. Sætta má sig við slík höft í einhvern tíma en alls ekki til frambúðar. Íslenskir stjórnmálamenn hafa engan veginn lagt nægilega mikla áherslu á þetta. Kannski finnst þeim ekki við hæfi að tala um mikilvægi frelsis einstaklingsins á tímum þegar fólki er ráðlagt að halda sig í fjarlægð frá öðrum.

Það má ekki fara svo að frelsisskerðing þyki nánast sjálfsagt og eðlilegt viðbragð við erfiðu ástandi. Það var því beinlínis upplífgandi að hlusta nýlega á dómsmálaráðherra, Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur, í Silfrinu á RÚV, tala af festu og ákveðni um mikilvægi þess að standa vörð um frelsi fólks. Áslaug Arna lagði sömuleiðis ríka áherslu á að takmarkanir eins og þær sem verið hafa megi alls ekki festast í sessi. Fleiri stjórnmálamenn mættu tala á þennan hátt. Þeir gera það samt ekki margir, sannarlega ekki á vinstri væng stjórnmálanna. Stundum þarf einfaldlega að treysta á Sjálfstæðismenn. Alls ekki oft – en samt stundum.

> **Áslaug Arna lagði sömuleiðis ríka áherslu á að takmarkanir eins og þær sem verið hafa megi alls ekki festast í sessi.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Re-branding**
**Það þarf ýmislegt að hafa gengið á áður en viðurkennd vörumerki ráðast í „re-branding“. Mörg kunnugleg nöfn er að finna á lista yfir umsækjendur um hinar og þessar stjórnunarstöður hjá hinu opinbera. Vekur það óneitanlega athygli þegar umsækjandi, sem nýbúið er að reka með hávaða frá opinberu batteríi, er skyndilega byrjaður að nota millinafnið sitt á umsóknir. Er bara tímaspursmál hvenær fornafnið verður að bókstaf með punkti og enginn getur lagt saman tvo og tvo.**

**Lokaþáttur**
**Lokaþáttur af hinni geysivinsælu COVID-Höll verður sýndur á mánudag og má með sanni segja að þjóðin standi á öndinni. Lýkur þessu með óræðum hætti líkt og The Sopranos, með allsherjar blóðbaði eins og Game of Thrones eða var þetta kannski allt saman bara draumur Björns Inga, eins og hjá Bobby Ewing í Dallas? Eftirvæntingin er gríðarleg og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru allar ídýfur nema með lauk uppseldar hjá Voga. Þáttaröðin gæti þó vel átt sér framhaldslíf því Netflix og Hulu ku nú berjast um dreifingarréttinn og aðalleikararnir byrjaðir að þreifa fyrir sér með spinoff.**

**arib@frettabladid.is**
**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Þegar himnarnir opnast



**Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir**
þingmaður Viðreisnar

Síðustu mánuði höfum við upplifað nýjan veruleika sem hefur einkennst af aðgerðum til að stemma stigu við COVID-19. Vinnumenningin breyttist þegar vinnustaðirnir fluttust inn á heimilin og tæknivæðing skóla átti sér stað á nokkrum vikum, sem annars hefði eflaust tekið einhver ár. Lykillinn að árangrinum hefur byggst á samstöðu þjóðarinnar og skilningi á mikilvægi samstöðunnar. Aðgerðirnar hafa hins vegar bæði falið í sér takmarkanir á okkar daglega lífi og á ákveðnum mannréttindum, eins og ferðafrelsi og frelsi til atvinnu. Önnur lönd hafa gengið umtalsvert lengra, t.d. með útgöngubanni. Á heimsvísu höfum við svo séð himnana lokast. Og lönd lokast.

Ein stærsta spurningin núna er hvað við ætlum að gera þegar þessum aðgerðum linnir. Einhverjar þessara breytinga eru nefnilega komnar til að vera, aðrar augljóslega ekki en um aðrar vitum við ekki. Verkefnin eru stór og þá skiptir máli að stjórnmálin fái tíma til að svara þessari spurningu, þannig að leiðirnar sem verða fyrir valinu byggi á niðurstöðu pólitískrar umræðu. Umræðan er aldrei mikilvægari. Fókusinn er sem stendur á efnahagsaðgerðum. Atvinnulífið okkar byggir á fáum stoðum og þegar þær verða fyrir höggi verða afleiðingarnar alvarlegar. Þess vegna er það ekki bara hjal að tala fyrir nýsköpun, háskólamenntun og rannsóknum og að þora að veðja á skapandi greinar. Fjölbreyttara atvinnulíf er lykillinn að því að verjast áföllum og hluti af því að sækja fram. Nýsköpun í ferðaþjónustunni reyndist okkur t.d. dýrmæt eftir hrun. Nýsköpun á sér nefnilega stað í öllum greinum en hana þarf að rækta eins og annað.

Samhliða þessu þarf að rýna breytingarnar sem hafa orðið á okkar daglega lífi og vera meðvituð um þýðingu mannréttinda. Samstaða þjóðarinnar hefur haft allt um góðan árangur að segja. Markmiðið var skýrt. Nú reynir á samstöðuna um að frelsi og lýðræði verði kjarni viðreisnar þjóðarinnar, en ekki fjötrar.

> **Nýsköpun á sér nefnilega stað í öllum greinum en hana þarf að rækta eins og annað.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

## AF KÖGUNARHÓLI

# Vatnaskil í varnarmálum



Þorsteinn Pálsson

Morgunblaðið greindi frá því á dögunum að utanríkisráðherra hefði óskað eftir heimild ríkisstjórnarinnar til þess að leyfa umfangsmiklar nýjar varnarframkvæmdir suður með sjó. Forsætisráðherra á að hafa hafnað beiðninni.

Andstæðingum varnarsamvinnunnar hefur ekki áður tekist að stöðva varnarframkvæmdir þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt aðild að ríkisstjórn. Í því ljósi var þetta frétt um pólitísk vatnaskil í varnarmálum.

**Neitunarvald getur haft víðtæk áhrif**

Fram til þessa hafa flestir litið svo á að andstaða VG við varnarsamstarfið væri fyrst og fremst táknræn. Í stjórnarsáttmálanum er ekki minnst á neiturnarvald. En nú benda frásagnir til þess að neitunarvaldið sé virkt.

Standi þessir málavextir óbreyttir geta aðrar þjóðir með réttu litið svo á að VG hafi einnig neitunarvald, ef til þess kæmi að virkja þyrfti ákvæði varnarsamningsins vegna yfirvofandi ógnar. Það myndi setja strik í reikninginn um stöðu Íslands.

Óhjákvæmilega vaknar einnig sú spurning hvaða pólitíska umboð utanríkisráðherra hefur eftir þetta í samtölum við Bandaríkin og aðrar bandalagsþjóðir um áframhaldandi þróun varnarsamstarfsins.

**Aldrei fyrr náð sínu fram**

Þegar hervernd Bandaríkjanna lauk 1946 fóru þau fram á að fá aðstöðu á Keflavíkurflugvelli þótt herinn færi. Þáverandi utanríkisráðherra Sjálfstæðisflokksins vissi um andstöðu ráðherra sósíalista. Hann samdi eigi að síður og lagði niðurstöðuna fyrir Alþingi, sem samþykkti samninginn.

Sósíalistar rufu þá stjórnarsamstarfið. Í framhaldinu var mynduð stjórn þeirra flokka, sem samþykktu samninginn.

Alþýðubandalagið samdi 1956 og 1971 um brottför varnarliðsins. Framsókn, Alþýðuflokkur og Samtök frjálslyndra og vinstrimanna, sem sátu í þeim stjórnum, komu í bæði skiptin í veg fyrir að við þau loforð yrði staðið án þess að það hreyfði við ráðherrum Alþýðubandalagsins.

Við ríkisstjórnarmyndun Gunnars Thoroddsen 1980 náði Ólafur Ragnar Grímsson því fram að nýja flugstöðin fyrir borgaralegt flug, sem Bandaríkjamenn kostuðu, var minnkuð lítið eitt. Það er eini árangurinn fram til þessa.

> **Hafi varnarmálum og atvinnumálum verið hrært saman á einhverju stigi eru það mistök.**

**VG vill taka valdið frá utanríkisráðherra**

Þótt Sjálfstæðisflokkurinn hefði tekið á málinu nú með sömu festu og 1946 er mjög ólíklegt að VG hefði rofið stjórnarsamstarfið. En með því móti hefði hann hins vegar sýnt að andstæðingar varnarsamstarfsins hafi ekki neitunarvald um þróun þess.

Þessu geta kjósendur ekki lengur treyst. Þó að Sjálfstæðisflokkurinn eigi vísan stuðning meirihluta Alþingis í þessu máli kýs hann að láta VG ráða för. Það er mikil ábyrgð þegar teflt er um mál, sem snerta öryggi landsins. Til þessa hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki litið á varnarmálin sem skiptimynt.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp frá öllum þingmönnum VG um að taka valdið um varnarliðsframkvæmdir frá utanríkisráðherra. Flutningur þess lýsir fádæmalausri ögrun í stjórnarsamstarfi, en virðist þegar hafa haft veruleg óbein áhrif.

**Varnarhagsmunir ráða en ekki atvinnuhagsmunir**

Forsætisráðherra segir réttilega að ekki megi blanda saman ákvörðunum um varnarmannvirki og erfiðu atvinnuástandi. Því verður hins vegar trauðla trúað að utanríkisráðherra hafi lagt málið fyrir án samtala við bandamenn og eingöngu á þeirri forsendu að erfitt væri um atvinnu.

Formaður utanríkisnefndar hefur talað um málið eins og undirbúningur þess hafi verið fullnægjandi og gildi framkvæmdanna fyrir varnarhagsmuni Íslands ótvírætt.

Forsætisráðherra segir hins vegar að Atlantshafsbandalagið hafi ekki rætt við íslensk stjórnvöld um málið. Í því felst býsna þung ásökun um að utanríkisráðherra hafi borið það fram án málefnalegs undirbúnings.

Hafi varnarmálum og atvinnumálum verið hrært saman á einhverju stigi eru það mistök. Þau ættu þó ekki að hafa áhrif á efnislega niðurstöðu snúist málið í raun og veru um varnarhagsmuni Íslands.

**Ábyrgð þjóðaröryggisráðs**

Lögum samkvæmt á þjóðaröryggisráð að meta ástand og horfur í þjóðaröryggismálum. Utanríkisráðuneytinu er skylt að upplýsa ráðið og það getur sjálft kallað eftir öllum nauðsynlegum gögnum.

Forsætisráðherra á ekki að ýta málinu út af borðinu nema þjóðaröryggisráð hafi komist að þeirri niðurstöðu að það sé óháð varnarhagsmunum.

Það mat liggur ekki fyrir.

# Árangur hjúkrunarheimila á Íslandi í baráttunni við COVID



Teitur Guðmundsson
framkvæmdastjóri Heilsuverndar

Það má með sanni segja að okkur hafi tekist vel á Íslandi að glíma við þennan vágest sem kórónuveiran er og er það eftirtektarvert í samanburði við önnur lönd heimsins. Yfirvöld eiga hrós skilið með þríeykið í fararbroddi frá upphafi sem hefur leiðbeint með stuðningi fagfólks, yfirvegun og góðri daglegri upplýsingagjöf. Okkur tókst það sem stefnt var að, að draga sem mest var mögulegt úr smiti, fjöldanum og sinna þeim veiku með beinum og nýstárlegri hætti en áður hefur þekkst með COVID-göngudeild Landspítala. Heilsugæsla og Læknavakt unnu samræmt sem einn maður að uppvinnslu og sýnatöku auk hins mikla stuðnings sem fékkst frá Íslenskri erfðagreiningu og almannavörnum í viðbragði við faraldrinum. Þannig var stefnan að verja heilbrigðiskerfið fyrir ofálagi, og okkur hin, en einna mest þá sem veikastir voru fyrir. Þjóðin brást við og hlýddi Víði og félögum með mjög góðum árangri.

Á hjúkrunarheimilum var tekin sú ákvörðun snemma í faraldrinum líkt og á Landspítala og víðar að loka fyrir heimsóknir, slíkt hefur aldrei gerst áður í sögunni með þeim hætti og sætti talsverðri gagnrýni. Það var ekki það eina sem var gert heldur voru teknir upp verkferlar varðandi aðföng og innkaup, hólfun eininga og aðskilnaður innan hvers húss var skipulagður í þaula. Starfsmenn voru fræddir og þjálfaðir til meðvitundar um þá áhættu sem þeir sem slíkir báru með sér væru þeir smitaðir. Verulega var hert á skoðunum og uppvinnslu þeirra sem voru með minnstu einkenni og starfsmenn héldu sig heima þar til niðurstaða fékkst úr skimprófi fyrir veiru. Samstarf við Heilsugæslu og Læknavakt var mikið og framlínustarfsmenn hvort heldur sem voru hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, sjúkra-/iðjuþjálfar, starfsfólk í aðhlynningu, eldhúsi, þrifum, húsverðir sem og læknar voru á tánum að verja hina veikustu. Árangurinn er að mínu mati heimsmet á þessum viðsjárverðu tímum þar sem flest lönd í kringum okkur hafa misst hvað flesta einstaklinga sem einmitt eru íbúar hjúkrunar- og dvalarrýma. Tölurnar eru ógnvekjandi þegar horft er til mismunandi landa í þessum hópum.

Það er mikilsvert að hrósa þeim sem það eiga skilið, það hefur vissulega farið mest fyrir umræðunni um hversu margir eru veikir í samfélaginu, liggja á spítala og gjörgæslu og í hvaða átt faraldurinn var og er að þróast, sem er eðlilegt. Heilbrigðisþjónustan hefur staðið sig með mikilli prýði og verður áhugavert að sjá uppgjör að leikslokum, sumpart var mikið álag, annars staðar minna en í venjulegu árferði. Við höfum séð minna af ýmsum vanda eins og pestum, kvefi, flensu og slíku sem alla jafna fer vítt og breitt í samfélaginu. Á hjúkrunarheimilum höfum við orðið áþreifanlega vör við mun minni tíðni sýkinga en áður, en það á eftir að taka saman endanleg gögn og birta þar um.

Ég vil hrósa sérstaklega, og alls ekki gleyma, þeim hópi sem stóð vaktina með bravúr á hjúkrunarheimilum, allir sem einn um landið allt. Hrósa því hvernig hópurinn vann saman að bæði lokun heimsókna, nálgun á vinnu og ferla sína, erfiða umönnun í krefjandi kringumstæðum, stóð í fæturnar þrátt fyrir gagnrýni og gekk í málið með það að leiðarljósi að vernda íbúa sína, foreldra ykkar, ömmur og afa, bræður, systur, frænkur og frændur. Fólkið sem byggði þetta land og á allt gott skilið og þann undraverða árangur sem náðist ber mikið að þakka starfsfólki hjúkrunarheimila.

Hann er einsdæmi í heiminum nánast hvar sem við berum niður. Takk fyrir!



# Dagskráin á Hringbraut





## Lífinu átti að vera lokið

Viðtölin í **Mannamáli** á Hringbraut verða varla hreinskiptnari en þegar **Einar Þór Jónsson** segir frá einu mesta tabúi seinni tíma, **glímunni við alnæmi**, en kveðjuferðin sem hann fór í með **eiginmanni sínum** um heiminn var **ævintýri**. Kostulegar eru einnig lýsingarnar á því þegar hann sneri heim til Bolungarvíkur, sem **homminn í útför afa síns.**

Ekki missa af **Mannamáli** í kvöld **kl. 20:00** á Hringbraut.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

**Fylgstu með!**




# Svar frá gömlum durgi



**Jón Sigurjónsson**
gullsmiður



Ungur og efnilegur stjórnmálamaður, Dóra Björt Guðjónsdóttir, sendi mér og öðrum Laugavegskaupmönnum ádrepu í Fréttablaðinu 12. þm. og segir okkur viðhafa „fortíðarskvaldur“ og hafa „sveittar krumlur fortíðar“ eins og hún orðar það. Dóra Björt er ekki sammála þessum gömlu afturhaldsdurgum sem vilja hafa Laugaveginn áfram opinn fyrir bílaumferð og eru að berjast fyrir lífi verslana sinna. Hún og samverkamenn hennar í borgarstjórninni telja sig jú vera svo hipp og kúl að vilja loka fyrir alla bílaumferð á Laugavegi og hluta Skólavörðustígs árið um kring. Þetta fólk sem situr í meirihluta (með minnihluta atkvæða) segir einfaldlega að búið sé að ákveða þetta og engu verði breytt – sama hvað gömlu durgarnir segja.

Götunum hefur verið lokað undanfarin ár frá maí og fram í október í andstöðu við afgerandi meirihluta rekstraraðila og án samráðs við þá. Svo er að sjá sem borgaryfirvöld telji að kaupmenn með margra áratuga reynslu hafi ekkert vit á verslun, ólíkt borgarfulltrúum sem setið hafa tvö ár í starfi.

Afleiðingar af þessum lokunum eru satt best að segja afleitar fyrir verslun á svæðinu. Íslendingar eru mikið til búnir að gefast upp á lokunarruglinu og versla nú annars staðar. Mörg þekkt og rótgróin fyrirtæki á Laugavegi eru búin að fá nóg og hafa flutt starfsemina eða þá að þau hafa einfaldlega lagt upp laupana.

Í minni verslun hafa Íslendingar verið vel yfir 90% viðskiptavinanna en þeir eru mikið til horfnir af Laugaveginum. Þetta get ég fært sönnur á því ég rek líka verslanir í Kringlunni og í Smáralind. Árið 2011 var verslunin á Laugavegi, sem er flaggskip fyrirtækisins, söluhærri en Kringlan og Smáralind til samans. Síðan byrjaði salan að dragast saman á Laugavegi þegar lokanir hófust og að aukast á móti verulega í Kringlu og Smáralind. Þess skal getið að verslunin á Laugavegi er ekki við þann hluta sem lokað hefur verið hingað til, en það breytir ekki því að þegar neðri hluta Laugavegar var lokað byrjaði salan strax að dragast saman og það verulega. Öllum má því ljóst vera

**Svo er að sjá sem borgaryfirvöld telji að kaupmenn með margra áratuga reynslu hafi ekkert vit á verslun, ólíkt borgarfulltrúum sem setið hafa tvö ár í starfi.**

þvílíkt feigðarflan er að loka Laugaveginum alveg frá Hlemmi eins og nú stendur til.

Þetta hefur versnað með hverju árinu og 2019 náði Laugavegurinn ekki þriðjungi af sölu í Kringlu og Smáralind og rekstrargrundvöllurinn þar með brostinn í sjálfu sér ef ekki væri fyrir þrjósku mína og stolt.

Minn draumur er að fagna 50 ára afmæli verslunarinnar á Laugavegi 61 í byrjun næsta árs. Ef verður af fyrirhugaðri heilsárs götulokunum sé ég ekki að afmælishátíð fyrirtækisins verði haldin á Laugavegi heldur í Kringlu og Smáralind, því það verður engin verslun á Laugavegi!

Nú er mál að linni! Á undanförnum árum hef ég horft á eftir mörgum þekktum og rótgrónum verslunum og vinum yfirgefa Laugaveginn vegna afleiðinga götulokana. Að óbreyttri lokunarstefnu þurfa þeir að öllum líkindum að horfa á eftir mér eftir næstum 50 ár á Laugaveginum og þú líka Dóra Björt. Eru það ekki bara gleðifréttir? Þá er einum gamaldags afturhaldsdurgnum færra með „sveittar krumlur“ og „fortíðarskvaldur“?

# Þolmörk ferðaþjónustu



**Þorvarður Ingi Þorbjörnsson**
fjallabílstjóri og eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Boreal ehf.

Ferðaþjónusta á Íslandi er takmörkuð auðlind. Við könnumst við ofbeit og ofveiði og nú hefur oftúrismi sprottið fram á sjónarsviðið. Vegna COVID-kreppunnar höfum við starfsfólk við ferðaþjónustu nægan tíma til að huga að framtíðinni. Við fáum nú tækifæri til að endurskoða síðasta áratuginn eða svo með tilliti til þolmarka ferðaþjónustu. Viljum við virkilega fara sömu leið og áður? Hvað sjálfan mig varðar, þá svara ég neitandi. Þrátt fyrir að ég hafi haft lifibrauð af ferðaþjónustu stóran hluta ævinnar þá þótti mér nóg komið. Þessi mikli fjöldi erlendra ferðamanna er ekki neinum til góðs, hvorki Íslendingum né ferðamönnunum sjálfum.

Tölurnar tala sínu máli. 2010 var fjöldi erlendra ferðamanna um hálf milljón. Árið 2015 var fjöldinn um 1,4 milljónir. Árið 2018 var hann kominn í um 2,5 milljónir. Árið eftir fækkaði gestunum um 300.000 og ég fann að álagið á land og þjóð minnkaði. Þrátt fyrir lakari afkomu hjá mínu eigin fyrirtæki þá fannst mér það af hinu góða á heildina litið. Það er nefnilega ekki vænlegt þegar bæði landsmenn og erlendir ferðamenn kvarta undan ágangi og fjölda ferðamanna. Viljum við stjórnlaust streymi erlendra ferðamanna um landið? Viljum við svo hraða fjölgun ferðamanna að hrikti í innviðum landsins? Viljum við svo ströng lög sett vegna fjölda og ágangs erlendra ferðamanna að ferðafrelsi okkar sjálfra er skert?

Nú höfum við tíma og tækifæri til að byggja upp heilbrigða ferðaþjónustu þar sem tekið væri bæði tillit til landsins gæða og ekki síst til heimafólks. Við ættum kannski beita ítölu inn í landið og inn á ákveðin landsvæði. Með því að stýra komum skemmtiferðaskipa í hafnir, takmarka heildarfjölda erlendra ferðamanna á hverjum tíma á Íslandi og á hverju landsvæði á hverjum tíma þá getum við rekið ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð. Á sama tíma þarf að bæta innviði ferðaþjónustunnar, þá ekki síst hvað varðar vegi, salerni og bílastæði. Stefna stjórnvalda virðist vera að takmarka aðgengi akandi vegfarenda um hálendið, með „umhverfisvernd“ að markmiði. Ferðaþjónusta og umhverfisvernd eru þó ekki endilega andstæður og hægt er að þróa bæði í einu ef sjálfbærni er höfð í fyrirrúmi. Sjálfbær ferðaþjónusta getur bæði stuðlað að verndun íslenskrar náttúru og gert íslenskri ferðaþjónustu kleift að byggjast upp af framsýni. Því ef ferðaþjónusta á að vera arðbær, þá verður hún líka að vera sjálfbær.

Það á að teljast sjálfsagður réttur Íslendinga að geta ferðast um landið sitt, sama hvernig ferðast er. Ferðamátinn hefur breyst í aldanna rás en frelsisþráin ekki. Okkur ber að

**Nú höfum við tíma og tækifæri til að byggja upp heilbrigða ferðaþjónustu þar sem tekið væri bæði tillit til landsins gæða og ekki síst til heimafólks.**

vernda og varðveita ferðaleiðir og fjölbreyttan ferðamáta, þessa séríslensku ferðamenningu með því að viðhalda henni. Við eigum að setja skynsamlegar takmarkanir á fjölda ferðamanna en við eigum ekki að setja hömlur á ferðafrelsi Íslendinga í nafni umhverfisverndar. Ísland er okkar dýrasta djásn og okkur á ekki að líða sem við séum óvelkomin í eigin landi. Náttúran er okkar mikilvægasta vörumerki og við verðum að varðveita hana, nýta og njóta af skynsemi. Það er kaldhæðnislegt að á sama tíma og stjórnvöld eru markvisst að má hálendisvegi af kortum í nafni umhverfisverndar þá leyfa þau virkjanir og og uppistöðulón og raflínur sem setja ný ör á landslagið.

Þetta er þröngur stígur sem við þurfum að feta. Að hóflegur fjöldi erlendra ferðamanna komi hingað til lands. Að tryggja ferðafrelsi Íslendinga. Að ekki aðeins ferðaþjónustufyrirtæki í landinu séu lífvænleg, heldur einnig að lífvænlegt sé fyrir Íslendinga á Íslandi.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 21. MAÍ 2020



**Það er búið að opna sundlaugarnar og ekkert því til fyrirstöðu að kíkja á nýjustu sundfötin. Sundfatatískan er venjulega kynnt ári áður. Þessi flottu sundföt voru sýnd í Miami fyrir sumarið 2020.** →4

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —




Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Lilja Dís segir það hafa verið ótrúlegt að fylgjast með tökum á erlendum sjónvarpsþáttum og sjá hversu mikil vinna liggur þar að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Minna er meira en líka gaman að fara yfir strikið

Lilja Dís Smáradóttir hefur mikinn áhuga á förðun, tísku og heilsu. Hún hefur starfað sjálfstætt sem förðunarfræðingur undanfarið ár og hefur nú þegar tekið þátt í fjölda spennandi verkefna. Hún lítur björtum augum til framtíðar. →2

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Lilja Dís er 25 ára, fædd og uppalin í Garðabæ, og hefur áhuga á öllu milli himins og jarðar. „Ég starfa sjálfstætt sem förðunarfræðingur, hef mikinn áhuga á förðun, tísku, heilsu, matreiðslu og svo finnst mér mjög gaman að pæla í hegðun og líðan fólks."

Þá er aldrei langt í glensið. „Ég er mikill húmoristi og elska að hlæja og hafa gaman."

## Basic look kryddað

Lilja segir áhuga sinn á tísku hafa aukist með árunum. Þegar hún er beðin um að lýsa stílnum sínum segist hún gjarnan klæðast tiltölulega látlausum fatnaði en noti svo fylgihluti eða jafnvel förðun til að setja punktinn yfir i-ið. „Mér finnst gaman að blanda saman og kaupa mér bæði nýtt og notað. Er mest í svörtu en elska líka drapplitað og mosagrænt. Vinn mikið með „basic look" en krydda það með t.d. skarti, litríkum jökkum, töskum, sólgleraugum eða einfaldlega bara fallegri förðun."

*Eyðirðu miklu í föt?*

„Ég reyni að vera skynsöm, legg meira upp úr því að kaupa mér frekar færri og vandaðri flíkur."

*Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?*

„Ég á oft erfitt með mig þegar ég sé fallega strigaskó."

## Gleymir tímanum við förðun

Blaðamaður spyr Lilju að því hvenær áhuginn á förðun hafi kviknað. „Áhuginn minn byrjaði við fermingaraldurinn, ég var alltaf að leika mér með það litla makeup sem ég átti þá. Sat oft við spegilinn að mála mig í marga klukkutíma og geri það reyndar enn í dag. Ég gleymi oft alveg tímanum þegar ég er að mála sjálfa mig. Það sem ég elska við makeup er hvað hugtakið er vítt, það er svo ótrúlega margt hægt að gera."

*Hvernig kom það til að þú fórst að starfa við förðun?*

„Mig hafði lengi dreymt um að verða förðunarfræðingur en það stoppaði mig alltaf hversu margir útskrifaðir förðunarfræðingar voru á Íslandi. Þegar Makeup-Stúdíó Hörpu Kára var opnað þá sá ég mitt tækifæri og lét verða af því að skrá mig í námið. Eftir útskrift fór svo boltinn að rúlla. Harpa er mín fyrirmynd þegar kemur að makeupi."

*Hvar færðu innblástur?*

„Á Instagram aðallega en svo er ég líka dugleg að prófa mig áfram sjálf."

## Magnað að kíkja á bak við myndavélarnar

Lilja hefur nú þegar komið að fjölda verkefna í starfi sínu sem förðunarfræðingur. Hún segir hægara sagt en gert að velja eitthvað eitt sem standi upp úr en nefnir þó tvö verkefni sem séu sérstaklega eftirminnileg.

„Mörg verkefni sem ég hef farið í standa upp úr og eru þau öll mjög skemmtileg á sinn hátt. Ég hef mest unnið við auglýsinga- og stúdíómyndatökur. Það sem stendur kannski mest upp úr eru tvö stór verkefni. Þar á meðal auglýsingaherferð úti á landi með nokkrum af bestu íþróttamönnum og -konum í Evrópu, einnig tók ég þátt í að farða fyrir erlenda þáttaseríu hér á Íslandi. Það var risastórt verkefni og magnað að sjá það sem gerist bak við myndavélarnar, ég trúði oft ekki mínum eigin augum. Það er ótrúlegt hversu mikið er lagt í framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis."

*Lumarðu á einhverjum ráðum fyrir þau sem vilja einfalda förðunarrútínu?*

„Mitt ráð er: hafðu góðan raka og undirbúðu húðina vel áður en þú byrjar. Þrífa förðunarbursta og svampa reglulega! Það getur haft slæm áhrif á förðunina ef maður er með óhreina bursta. Annars bara þetta gamla góða „less is more" en svo er líka alveg gaman að fara yfir strikið," segir Lilja og hlær.

„Ég myndi vilja sjá meira af ljómandi húð, kinnalit, náttúrulegar augabrúnir, glossy varir, litaða augnblýanta og jafnvel litaða maskara. Ég hvet fólk til þess að prófa að fara út fyrir sínar venjulegu hefðir því maður getur orðið mjög vanafastur þegar kemur að förðun."

*Hvað er fram undan hjá þér?*

„Ég ætla að vinna í sumar og langar svo að bæta við mig þekkingu, draumurinn er að fara í nám í útlöndum tengt förðun eða tískubransanum."

*Áttu þér eitthvað mottó?*

„Vera jákvæð, einlæg og gera alltaf mitt besta."

Hægt er að fylgjast með Lilju Dís á Instagram undir: liljadissmara



**Lilja Dís segir nánast ómögulegt að gera upp á milli þeirra verkefna sem hún hefur komið að.**



**Lilja Dís hvetur fólk til þess að vera óhrætt við að prófa sig áfram í förðun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég sat oft við spegilinn að mála mig í marga klukkutíma og geri það reyndar enn í dag. Ég gleymi oft alveg tímanum þegar ég er að mála sjálfa mig.

## Mín förðun þessa dagana

- **Rakakrem** Skinfood Weleda
- **Farði** YSL All-In-One-Glow
- **Hyljari** (undir augu og á T-svæði) Too Faced Born This Way
- **Bronzer** Marc Jacobs O!mega bronze coconut
- **Kinnalitur** Dr. PawPaw peach
- **Highlighter** Becca champagne pop glow drops
- **Augabrúnir** Glært gel
- **Skygging á augu** Bronzer
- **Maskari** Marc Jacobs
- **Púður** Charlotte Tilbury transluscent setting powder
- **Gloss** Fenty beauty
- **Rakasprey** Glam glow glowsetter

FERÐUMST INNANLANDS, VANDAÐUR FERÐAFATNAÐUR




Fylgið okkur á FB

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,


Lemon
Kombó mánaðarins
Chickencurry og Icelandic flirt
1.590 kr.
Sólskin í glasi
og sælkerasamlokur
#lovelemon
Lemon
Lemon - Suðurlandsbraut - Hafnarfirði - Salalaug - Akureyri - Húsavík



Sumarlegt og fallegt bikiní sem hentar bæði í sund og sólbað. Þetta bikiní kemur frá Fernando Alberto Atelier og var sýnt á tískuvikunni í Miami.



Herramenn í sundbuxum frá Vilebriquin í suðrænum litum.



PatBo sundbolur baðaður rósum.

Klæðilegur röndóttur sundbolur sem sýndur var á tískuvikunni í Miami.



Skemmtilegur sundbolur í fallegum lit frá Paper London.



# Sundfatatískan 2020

**Það er búið að opna sundlaugarnar og ekkert því til fyrirstöðu að kíkja á nýjustu sundfötin. Sundfatatískan er venjulega kynnt ári áður. Þessi flottu sundföt voru sýnd í Miami fyrir sumarið 2020.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Miami Swim Week fer fram á hverju sumri en þar er sýnd nýjasta sundfatatíska fyrir næsta ár. Sýningin vekur alltaf mikla athygli fyrir fjölbreytileika. Sundfatatískuna fyrir 2021 átti að sýna í Miami í júlí næstkomandi en henni hefur verið aflýst eins og öðrum tískuvikum víða um heim. Það kenndi þó ýmissa nýjunga á sýningunni í fyrra og þessi sundföt ættu að vera komin á markað nú. Að minnsta kosti má fá smá innblástur áður en farið er í sundfataleiðangur í verslunum.

Það er svo gaman að vera fínn í tauinu í sundinu þegar sólin fer að skína og hægt að leggjast á sundlaugarbekk og sóla sig.



Dýramynstur voru nokkuð áberandi á tískuvikunni í Miami. Hér er grásilfrað bikiní frá Mister Triple X. Fyrirtækið er þekkt fyrir framúrstefnuleg sundföt fyrir dömur og herra. Á heimasíðu þess má sjá fjölbreytt úrval.



Baimein sundföt eru vel þekkt. Þessi flotti bolur á örugglega eftir að verða vinsæll. Fyrirsætan er með mittistösku frá Balenciaga.



Fallega rautt bikiní frá Surf Souleil sem hægt er að breyta. Surf Souleil er þekkt fyrir glæsileg sundföt.

FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

*Nýr þáttur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut*

# BÆRINN MINN

**... sjarmi og sérstaða bæjarfélaganna, hringinn í kringum Ísland.**




**Bærinn okkar** eru vandaðrar **þáttaraðar** í umsjá Sigmundar Ernis Rúnarssonar um þá töfra sem **bæjarfélögin á Íslandi** hafa upp á að bjóða fyrir alla ferðalangana sem sækja landið heim í sumar.

Sérstök áhersla verður á að ljúka upp **leyndardómum bæjanna** í **afþreyingu** og **upplifun**, hvort heldur er í bænum sjálfum eða í

Hafir þú eða þitt fyrirtæki áhuga að auglýsa í þáttunum er hægt að hafa samband við auglýsingadeild Hringbrautar á í **síma 550 5800** eða á **auglysingar@hringbraut.is**







Bærinn okkar er í boði: RARIK KJÖRBÚÐIN *í næsta nágrenni*

**FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING,**
**HEILSA, NÁTTÚRA OG LÍFSREYNSLA**

HRINGBRAUT

# Spá hruni í tískugeiranum

**Bandaríska ráðgjafafyrirtækið McKinsey spáir því að 30% af tískugeiranum fari á hausinn vegna COVID-19. Fyrirtæki þurfa að sýna ábyrgð í viðskiptum og ríkisstjórnir verða að mýkja höggið.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is







Í Bangladess eru framleiðendur að reyna að jafna sig eftir að hafa misst af þremur milljörðum dollara sem þeir hefðu fengið fyrir framleiðslu á stuttermabolum, skóm og kjólum eftir þekkta hönnuði ef ekki hefði verið fyrir faraldurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tæplega þriðjungur tískugeirans mun ekki lifa af krísuna sem COVID-19 hefur skapað, samkvæmt nýjustu skýrslu bandaríska ráðgjafafyrirtækisins McKinsey & Company um stöðu tískuheimsins. Fjallað var um skýrsluna á vef Fashion United.

McKinsey er 94 ára gamalt fyrirtæki og skýrslur og bækur fyrirtækisins hafa í gegnum tíðina haft mikil áhrif á stjórnendur fyrirtækja um allan heim. Samkvæmt nýju skýrslunni eiga 30% af tískufyrirtækjum heims eftir að fara á hausinn, þar á meðal þekkt merki og deildarverslanir. Þar kemur einnig fram að markaðsvirði fyrirtækja sem framleiða fatnað, tískuvörur og munaðarvörur hafi fallið um 40% frá því í byrjun janúar og fram til 24. mars 2020.

Áhrifa vírussins hefur gætt víðsvegar í tískugeiranum. Verksmiðjum hefur verið lokað í Bangladess, Víetnam og á Indlandi, en í þessum löndum eru föt stærstu merkja tískuheimsins framleidd. Kasmíriðnaðurinn í Mongólíu hefur líka stöðvast, eftir að kaupmenn á Vesturlöndum og í Kína afbókuðu sínar pantanir. Verslanir á lykilsölustöðum eins og London, Hong Kong og New York og víðar hafa einnig verið lokaðar síðan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tilkynnti að um heimsfaraldur væri að ræða.

Í Bangladess eru framleiðendur að reyna að jafna sig eftir að hafa misst af þremur milljörðum dollara sem þeir hefðu fengið fyrir framleiðslu á stuttermabolum, skóm og kjólum eftir þekkta hönnuði ef ekki hefði verið fyrir faraldurinn. Þetta hefur mikil áhrif á réttindi og atvinnumöguleika hjá milljónum verkamanna.

## Fyrirtæki þurfa að sýna ábyrgð

Samtök framleiðenda og útflytjenda klæða í Bangladess segja að það sé kominn tími á að alþjóðleg fyrirtæki virði skuldbindingar sínar varðandi réttindi verkamanna, samfélagsábyrgð og sjálfbærar birgðakeðjur. Fyrst og fremst verði þau að virða skilmála kaupsamninga, uppfylla skyldur sínar og endursemja ekki um verð eða greiðslufyrirkomulag. Þegar vörumerki og verslanir eru að afbóka stóran hluta pantana sinna er þörf á ábyrgum verslunarháttum innan iðnaðarins svo hann geti lifað og jafnað sig eftir krísuna.

Það virðist óhjákvæmilegt að þetta muni bitna á fólkinu sem starfar innan tískugeirans og að þessar efnahagsþrengingar muni hafa áhrif lengur en takmarkanir vegna faraldursins endast. Mikið atvinnuleysi og fjárhagsvandræði er nýi veruleikinn í tískugeiranum og um allan heim eru fyrirtæki að fara í gjaldþrot og segja upp starfsfólki. Stór hluti þeirra sem starfa í tískuiðnaðinum er ekki svo heppinn að búa á svæðum þar sem ríkisstjórnir hjálpa þeim fjárhagslega í gegnum þessa erfiðleika.

Kasmíriðnaðurinn í Mongolíu hefur stöðvast, eftir að kaupmenn á Vesturlöndum og í Kína afbókuðu sínar pantanir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Samkvæmt nýju skýrslunni eiga 30% af tískufyrirtækjum heims eftir að fara á hausinn, þar á meðal þekkt merki og deildarverslanir.

## Almenn svartsýni

Í skýrslunni stendur að krísan hafi áhrif á daglegt líf og skapi kvíða og óvissu í hugum flestra. Neytendur eru almennt svartsýnir á efnahagshorfur, en 75% neytenda í Evrópu og Bandaríkjunum telja að fjárhagsstaða þeirra verði fyrir neikvæðum áhrifum í meira en tvo mánuði.

Því er spáð að efnahagur margra landa dragist saman á árinu. Í þessari viku byrjaði efnahagur Japans að dragast saman, viðvörunarbjöllur benda til að atvinnuleysi í Bandaríkjunum gæti náð 25% og það er einnig að aukast í Bretlandi og á fleiri stórum mörkuðum. Þetta boðar ekki gott og gæti versnað, en það fer að hluta til eftir því hve lengi áhrif faraldursins endast og hvernig ríkisstjórnir bregðast við til að örva hagvöxt.

Föstudaginn **29. maí** gefur Fréttablaðið út sérblaðið

## ÚT AÐ HLAUPA

Blaðið er sérstaklega ætlað þeim sem stunda hlaup, skokk eða kraftgöngu, byrjendum jafnt sem lengra komnum.

Boðið verður upp á skemmtilegan fróðleik og áhugaverð viðtöl.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.




**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SPAR bíll



Toyota Landcruiser 1/2018 33" breyttur með snorkel. Loftdæla - krómgrind ofl. Sjálfskiptur. Ek. 76 þ. Km. Ný yfirfarinn og þjónustaður. Verð: 8.890 þús.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**PROSTONE**
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**
Viðgerðir
Skemmuvegur 34 Brún gata
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Húsaviðhald

**SMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM Í SUMAR.**
Þakviðgerðir,viðgerðir,sólpallar, uppsláttur.
Sökklar,
Tilboð , tímavinna.
**Upplýsingar í sima 893-5374 eða nybyggd@gmail.com**

**PROSTONE**
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

**Rúnar múrari**
**Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.**
**s. 780 2838.**

### Múrarar

Rúnar múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:780-2838

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

mýranaut

Tilboð í maí á 1/8 ca. 20 kg á 2100.- kr/kg (áður 2400.-kr/kg) og 1/4 ca. 43 kg á 2000.-kr/kg (áður 2250.-kr/kg). Gæða nautakjöt fyrir grillvertíðina í sumar. www. myranaut.is s. 8687204

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU**
Herbergi til leigu í Kópavogi, með séringng,baðherb og þvottah, laust nú þegar, Verð. 80.000. Uppl. sími: 8687283.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

Dugleg og vandvirk ræstingakona á heimsmælikvarða óskar eftir starfi strax. Uppl í s: 789-5454

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**GLUGGA GERÐIN**
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



Vantar þig starfsfólk?
HAGVANGUR
hagvangur.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

worknorth.is
**WORK NORTH**
**HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA**
**STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT**
**Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is**

**MP Verk**
Þekking og reynsla
**Alhliða verktakar**
Smiðir, píparar, málarar, múrarar og rafvirkjar.
orn@mpverk.is sími:782-0100

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**




Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 575 www.hs@bolstrun.is

**VP Múrari ehf**
Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.
Parketlögn og fleira.
**Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu**
**Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com**

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
**ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?**
**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ**
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

## Fasteignir

**FASTEIGNA MIÐLUN**
Skólavörðustíg 3 - 2. hæð - 101 Reykjavík
Sími 575 8500 - www.fasteignamidlun.is

### Til sölu skipið Halla ÍS - 3



**Verð: 12,5 milljónir**

Skipið hefur verið notað á Sæbjúgnaveiðar síðustu ár og er tilbúið til þeirra veiða. Eins hefur skipið verið notað til hrefnuveiða síðustu 10 ár og er með leyfi til hrefnuveiða til árins 2023.
Vistaraðstaða er nokkuð góð, nýlega búið að skipta um og gera upp eldhús. Baðherbergi með sturtu, klósetti og vask. Skipstjóraherbergi á eldhúshæð. Fjögur herbergi niðri með kojum og vaski, svefnpláss í heild fyrir 11 menn.
Skipið fór í slipp í júní 2019 og er Bolskoðun í gildi til 6 júní 2021, öxulskoðun í gildi til 14 apríl 2021 og þykktarmæling í gildi til 14 júní 2023. Haffæri rann út 20 apríl 2020, en einungis þarf að skoða hina árlegu hluti s.s. björgunargalla, björgunarbáta, lyfjakistu og slökkvitæki til að fá fulla skoðun fram í apríl 2021.
Nýlegur Palfinger krani var settur um borð 2018 ásamt fjarstýringu og nýtist bæði fyrir sæbjúgnaveiðar og hrefnuveiðar

**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma: 839-1600**
**eða gunnar@fasteignamidlun.is**



Hrafnhildur Bridde löggiltur fasteigasali s: 821 4400
ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • ÞINN HAGUR
HB FASTEIGNIR

### SKRIFSTOFUHÆÐ ÞÓRUNNARTÚN 6, MIÐSVÆÐIS




191 fm skrifstofuhæð, 3.hæð, á svokölluðum Borgartúnsreiti, 105 Rvk. ATH ! Mögulegt er að skipta hæðinni í tvö sér rými þar sem tveir inngangar eru inn í það. Húsnæðið skiptist í 6.skrifstofur, eldhús, snyrtingu, ljósritunarherb. og geymslu. Sameiginlegt bílastæði á bak við hús. Skrifstofurnar eru í útleigu. Frábær staðsetning við miðbæinn þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað síðustu ár.
**VERÐTILBOÐ!**

**Hrafnhildur s. 821 4400**

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**89%** Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

## Fundir

# AÐALFUNDUR
## Félags lykilmanna – FLM

Aðalfundur Félags lykilmanna – FLM
verður haldinn þriðjudaginn 2. júní nk., kl. 17:00
að Suðurlandsbraut 4a (4.hæð), Reykjavík.

**Dagskrá:**
Hefðbundin aðalfundarstörf.

***Stjórn Félags lykilmanna***

## Tilkynningar

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 676, 4. júlí 2019**
**Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 463/2020 í Stjórnartíðindum**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðarkvóta til fiskiskipa fyrir:

**Tálknafjörð**
**Ísafjarðarbæ (Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdal og Ísafjörð)**
**Súðavíkurhrepp (Súðavík)**
**Fjallabyggð (Siglufjörð og Ólafsfjörð)**
**Akureyrarkaupstað (Grímsey og Hrísey)**
**Dalvíkurbyggð (Dalvík, Árskógssand og Hauganes)**

ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt, einnig skal skila staðfestingu um vinnslusamning sem viðhengi í umsóknargáttina á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is).
**Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2020**

*Fiskistofa, 21.05.2020*

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

ÞÚ FINNUR GÆÐIN
MEÐ BROS Á VÖR

# TIL HAMINGJU
MEÐ ÞAÐ!




**Til hamingju pokarnir bíða þín glaðir í bragði í næstu verslun.**

Það er alltaf stutt í brosið ef þig vantar bragðgóða hollustu, nasl eða nesti fyrir heilbrigðan lífsstíl og gleði.

**Til hamingju með þetta**
Baunir og linsur
Hnetur og fræ
Hamingjusnakk
Kókos og rúsínur
Múslí og morgunkorn

TIL HAMINGJU

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT



**ÍA tapaði miklum fjárhæðum í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Gera ráð fyrir að tapa hálfum milljarði króna

**FÓTBOLTI** Heildarvelta félaga í Pepsi Max-deildinni í fyrra var 2,8 milljarðar króna. Gjöldin voru svipuð. Heildartap félaga í efstu deild var 68 milljónir króna. Þetta kemur fram í skýrslu sem Deloitte gerði í samvinnu við KSÍ um möguleg fjárhagsleg áhrif COVID-19 á rekstur félaga í Pepsi Max-deild karla.

Félögin gera ráð fyrir verulegum samdrætti í tekjum vegna auglýsinga og samstarfsaðila. Í heild áætla félögin tekjutap upp á 21 prósent að meðaltali vegna COVID-19 þannig að tekjur eftir COVID-19 verði rúmir tveir milljarðar. Félögin eru svartsýn þegar kemur að árinu 2020 og búast við mun meiri tekjusamdrætti og niðurskurði í heildarútgjöldum. Félögin áætla að meðaltali lækkun á gjaldalið um sjö prósent þannig að heildargjöld þeirra verða um tveir og hálfur milljarður. Þau áætla því tap upp á 447 milljónir króna eða að hver knattspyrnudeild tapi 37 milljónum króna. Þess ber að geta að þetta eru tölur sem komu frá félögunum fyrir úrræði ríkisins og ÍSÍ og hugsanlegs fjármagns frá KSÍ.

**Félögin áætla því tap upp á 447 milljónir króna eða að hver knattspyrnudeild tapi 37 milljónum króna.**

Töluvert hefur verið rætt og ritað um stöðu félaga í efstu deild og barma forkólfar félaganna sér nú yfir slæmri stöðu vegna COVID-19. Staðan var þó orðin slæm löngu fyrir hann.

Barna- og unglingamót skila knattspyrnudeildunum miklum tekjum. Þannig fengu Blikar um 110 milljónir í tekjur fyrir sín mót. – bb

# Konum fórnað þegar kreppir að í körfubolta hér á landi

**Tveir meistaraflokkar kvenna hafa verið lagðir niður síðan 4+1 reglan var afnumin. Á sama tíma hefur spiluðum mínútum íslenskra leikmanna fækkað mikið síðan reglan var afnumin. Um leið fjölgaði erlendum leikmönnum um 42. Þetta kemur fram í MBA-rannsókn Gríms Atlasonar, stjórnarmanns Vals.**



**Tveir meistaraflokkar hafa verið lagðir niður frá því að 4+1 reglan var afnumin. Það má færa fyrir því rök að lið leggi fremur niður kvennastarfið þegar harðnar á dalnum, segir í rannsókninni.** FRÉTTABLAÐIÐ/SYGTRYGGUR ARI

**ÚRVALSDEILD KARLA** Í nóvember 2017 tók stjórn Körfuknattleikssambands Íslands þá ákvörðun að hverfa frá svokallaðri 4+1 reglu, sem varðaði leyfilegan fjölda erlendra leikmanna. Grímur Atlason, stjórnarmaður í körfuknattleiksdeild Vals, skrifaði lokaverkefni sitt í MBA-námi um afnám reglunnar og hvaða áhrif hún hafði á mínútur íslenskra leikmanna í úrvalsdeildinni og 1. deild karla og kvenna þegar opnað var fyrir ótakmarkað flæði leikmanna frá EES-svæðinu. Tveir meistaraflokkar kvenna hafa verið lagðir niður frá því að 4+1 reglan var afnumin.

Niðurstöður eru ansi sláandi því mínútum íslenskra leikmanna í úrvalsdeildum karla og kvenna og 1. deild karla fækkaði við breytinguna á bilinu 16,3 prósent til 29 prósent. Engar marktækar breytingar urðu á 1. deild kvenna. Erlendum leikmönnum fjölgaði á sama tíma um 42 í þessum deildum.

Einnig benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að fjárhagur körfuknattleiksdeildanna sé ógagnsær og rekstur ósjálfbær sem og að staða kvennaliða virðist brothættari en karlaliða og að jafnréttissjónarmiða sé ekki alltaf gætt.

„Það er margt sláandi við þetta. KKÍ greip ekki til neinna varna á sínum tíma og ákvað að fara ekki í neina millileið eða horfa á hvað aðrir voru að gera. Við förum úr því að hafa stóra girðingu í að hafa allt galopið og afleiðingarnar eru svona,“ segir Grímur.

Samkvæmt rannsókninni spiluðu íslenskir leikmenn í úrvalsdeild karla að meðaltali 29 prósent færri mínútur í leik en þeir gerðu fyrir breytinguna. Hjá konunum var fækkunin 16,5 prósent. Á fundi forráðamanna félaga í úrvalsdeildum karla og kvenna hjá KKÍ í júníbyrjun 2019 lýsti Grímur yfir áhyggjum af stöðu kvennakörfuboltans á Íslandi. Hann segir að mínúturnar séu eitt en fækkun í æfingahópunum sé annað en þeim fækkaði alls um 86. „Þetta eru sláandi tölur að mörgu leyti og það sem mér finnst verst er að enginn er að pæla í þessu. Það var enginn sem reis upp og sagði okkur að passa okkur, skoða hvað þetta hefur í för með sér og svo framvegis. Út frá því á að taka ákvörðun finnst mér.“




Hann segir að of margir séu að hugsa aðeins um sitt eigið lið, hvað því hentar best á þeim tíma en ekki á morgun eða hinn, hvað þá eftir tvö ár eða fimm ár. „Svona breytingar hafa afleiðingar,“ segir Grímur. „Við erum á tímum núna þar sem félögin standa ekki vel eftir að hafa verið djörf að fá sér leikmenn og ekki bætti úr skák að COVID kom þannig að þetta er slæmt fyrir körfubolta í heild.“

Grímur þekkir vel til í rekstri og segir að gegnsæi sé lítið þrátt fyrir að mikið af opinberu fé komi inn í félög í landinu. „Þetta eru allt áhugamenn sem koma að þessu og þetta á að vera gegnsætt. Það er fullt af opinberu fé að koma inn í félögin og maður þarf að treysta því að barna- og unglingastarf sé ekki að borga fyrir meistaraflokka. Það þarf að vera skilgreint hvert þessir peningar eru að fara. Klósettpappírinn sem börnin eru að selja fara oft í einn pott sem allir geta gengið í. Það er mjög vont.“

**Það er fullt af opinberu fé að koma inn í félögin og maður þarf að treysta því að barna- og unglingastarf sé ekki að borga fyrir meistaraflokka.**

Grímur Atlason, stjórnarmaður í körfuboltadeild Vals.

benediktboas@frettabladid.is

# Ólafur Kristjánsson þjálfari FH ánægður með Helga Seljan

**FÓTBOLTI** Mikael Nikulásson, þjálfari karlaliðs Njarðvíkur í 2. deildinni, sagði í hlaðvarpinu Doctor football að Anna Björk Kristjánsdóttir, leikmaður Selfoss, ætti ekki skilið að fá þau laun sem hún fær hjá Selfossi. „Þetta kostaði meiri pening en ég vil meina að leikmaður í kvennabolta eigi að fá,“ sagði Mikael. Anna sneri aftur til Íslands eftir farsælan feril í atvinnumennsku og samdi við Selfyssinga.

Setningin olli gríðarlegri reiði og tjáðu landsliðskonur í fótbolta sig um orðin á samfélagsmiðlum sem og margir aðrir fótboltaáhugamenn. Ingibjörg Sigurðardóttir, landsliðskona og varnarmaður hjá Vålerenga í Noregi, sagði; „Þetta er svo ótrúlega þreytt dæmi. Landsliðskona í fótbolta að koma heim eftir mörg ár í atvinnumennsku en á samt ekki skilið að fá laun eins og leikmaður í Pepsi-deild karla.“



**Helgi Seljan fjölmiðlamaður.**

Sif Atladóttir segir að umfjöllunin sé gerð í nafni Avis og vonar að þetta lagist. Ef ekki geti Avis farið annað. Það séu til hlaðvörp um kvennaboltann eins og Heimavöllurinn hjá fótbolta.net.

Helgi Seljan fjölmiðlamaður dró hvergi undan og sagði á Twitter; „Gæi sem telur sig Mourinho en er í besta falli skeiðklukkueigandi með vald til að ráða hver klæðist hvaða jogginggalla á sparkvelli í Njarðvík, talar með rassgatinu.“

Þetta fannst Ólafi Kristjánssyni, þjálfara FH, sniðugt og henti í gott læk. Ólafur er langt frá því að vera besti vinur þeirra sem sjá um Doctor Football og hefur fengið sinn skerf af gagnrýni.

Doktor Football er í umsjón Hjörvars Hafliðasonar, og snýr hann aftur á skjáinn í sumar þegar hann sest í sérfræðingasætið í Pepsi-mörkunum. Hlaðvarp hans er eitt það vinsælasta á Íslandi og hefur hann verið duglegur að sanka að sér styrktaraðilum. Umræðan um kvennaboltann var í boði Avis en ekki náðist í bílaleiguna í gær til að spyrja hvort hún ætlaði að bakka út úr samstarfinu eftir einn þátt eða halda áfram. – bb



**Ólafur þjálfari FH var ánægður með Helga Seljan.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

## 20% afsláttur

af allri pallaolíu
og viðarvörn

**Opið í dag:** Skútuvogi, Grafarholti, Hafnarfirði, Selfossi, Akureyri, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Egilsstöðum

**20%** af öllum Texas sláttuvélum

**45.595 kr**
~~56.995 kr~~
**Sláttuvél með drifi** RL 460TR/W
Bensínmótor 139cc/2,3kW, sláttubreidd 46 cm drif, 6 hæðastillingar 28-75 mm, 3in1 kerfi, dekk 7" og 10", þyngd 33 kg.
5085309

**999 kr**
~~1.990 kr~~
**Margarita**
Margir litir.

**50%**

**20%** af öllum BLACK+DECKER rafmagnsverkfærum

**12.795 kr**
~~15.995 kr~~
**Rafmagnssláttuvél** (svifvél)
1200W, sláttubreidd 30 cm, fyrir allt að 250 m² garð.
5085195

Borvél með
80 fylgihlutum

**20%**

BLACK+DECKER

**19.996 kr**
~~24.995 kr~~
**Borvél 18V** +80 fylgihlutir
2 stk., 18V(1.5AH) Li-ion, batterí og hleðslutæki fylgja, Led Ljós. 5245561

**Nú er rétti tíminn**
til að klippa

IKRA mogatec

**7.495 kr**
**Rafmagnshekkklippur**
Ikra, 550W, blað 45 cm, klippigeta 16 mm. 5083754

Broil King

**83.990 kr**
~~89.900 kr~~
**Gasgrill** Baron 320
Grillflötur: 38 x 67cm, 3 ryðfríir brennarar 9,3 Kw, hitamælir í loki og hjól undir grilli. 3000611

**25%**

OUTBACK

**32.240 kr**
~~42.990 kr~~
**Gasgrill** Solo
Flott grill fyrir heimilið eða bústaðinn. 3 ryðfríir brennarar, grillflötur: 62,8x40,6 cm. 3000393

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval

**Forræktaðar matjurtir**
6 stk. í bakka,
margar tegundir.

**999 kr**
~~1.290 kr~~

**22%**

**Sýpris**
Flott í útipottana.
**1.990 kr/stk.**

## Nýtt í Blómavali

Burknar í garðinn

**Garðaburknar**
Gullburkni, Roðaburkni, Stóriburkni.
Verð frá
**1.990 kr/stk.**

## Merkisatburðir

**1502** - Portúgalar uppgötva eyjuna Sankti Helenu.

**1904** Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) er stofnað í París.

**1927** Charles Lindbergh lendir flugvél sinni á Le Bourget-flugvelli við París og er þar með fyrstur til að fljúga einn yfir Atlantshaf.



**1983** Safn **Ásmundar Sveinssonar** er formlega opnað við Sigtún í Reykjavík.

**1991** Rajiv Gandhi, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, er skotinn til bana.

**1994** Sturla Friðriksson leggur til að Íslendingar velji holtasóley sem þjóðarblóm.



✝

**Ragnheiður Þórðardóttir**
Básbryggju 51, Reykjavík,

lést föstudaginn 15. maí.
Útförin verður gerð frá
Grafarvogskirkju mánudaginn 25. maí
klukkan 15.00.

**Magnús Hjálmarsson**
**Halldóra Magnúsdóttir**
**Lára Magnúsardóttir**
**Grímur Jónsson** **Svana Björk Hjartardóttir**
**Magnús Helgason** **Anna Bryndís Gunnlaugsdóttir**
**Helgi Helgason**
**Solveig Karlsdóttir** **Adam Hoffritz**
**Þórður Roth** **Íris Katrín Barkardóttir**
**Karl Dietrich Roth Karlsson**
**og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Anna Marín Kristjánsdóttir**
áður til heimilis að Neðstutröð 8
í Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold í
Garðabæ 2. maí sl. Útför hennar verður
gerð frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 26. maí kl. 13.00.

**Katrín G. Torfadóttir** **Bragi Jónsson**
**Kristján G. Torfason** **Bára Benediktsdóttir**
**Björn Torfason** **Soffía Guðjónsdóttir**
**Gunnar Torfason**
**Gauti Torfason** **Kristín Birna Angantýsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Kristín Björnsdóttir**
Hraunbæ 77,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
laugardaginn 16. maí síðastliðinn.
Útför hennar verður gerð frá
Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. maí 2020 kl. 13.00.

**Haukur Jóhannesson** **Sif Jónasdóttir**
**Björn Hákon Jóhannesson** **Rannveig Gunnarsdóttir**
**Pétur Jóhannesson** **Gróa Gunnarsdóttir**
**Hrönn Jóhannesdóttir** **Gunnar Líkafrón Benediktsson**
**Guðmundur Bjarki Jóhannesson**
**Hilmir Bjarki Jóhannesson** **Íris Rögnvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Kærar þakkir fyrir samúð og hlýhug
vegna andláts elskulegrar eiginkonu
minnar, móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Auðar Lindu Zebitz**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki
Hrafnistu Mánateig fyrir góða umönnun.

**Ólafur Kristinsson**
**Ásta Ólafsdóttir**
**Kristinn Guðni Ólafsson** **Ingunn Ingimarsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Erlingur Bótólfsson**



Þessi mynd var tekin 19. maí. Þarna er Kristmundur kominn í gegnum það versta og sér niður í Mjóafjörð. MYNDIR/ARI

# Spurning um að finna veg

**Viss tímamót á þessu vori urðu í gær þegar verktakinn Kristmundur Dagsson náði að opna veginn til Mjóafjarðar eftir veturinn. Það var um mánuði seinna en í fyrra.**

Þetta hafðist,“ sagði Kristmundur Dagsson, verktaki á Egilsstöðum, eftir að hafa náð þeim áfanga á þremur dögum að ryðja veginn milli Héraðs og Mjóafjarðar sem hafði verið lokaður síðan í byrjun desember. Hann veit ekki nákvæmlega hversu leiðin var löng en giskar á sjö til tíu kílómetra. „Ég fór um tvo kílómetra í gær og komst eiginlega þá yfir það versta, snjórinn var víða fjórir og hálfur til fimm metrar á þykkt.“

Kristmundur vinnur hjá sjálfum sér og á hjólaskófluna sem ber snjóblásarann en sá er í eigu Vegagerðarinnar. „Ég sé um að moka Vatnsskarðið yfir á Borgarfjörð eystri yfir veturinn og hef vélina þar en sótti hana í þetta verkefni,“ segir hann og kveðst hafa sinnt því nokkrum sinnum áður enda viti hann nokkurn veginn hvernig landið liggi. „Svo er það spurning um að finna veg. Stikurnar ná ekki upp úr fönninni nema á stöku stað svo þetta snýst um að þreifa fyrir sér og giska.“

Snjórinn er niðurbarinn og Kristmundur kveðst skafa hann niður. „Ég tek hann í lögum, svona eins og hálfs metra þykkt í einu, þannig að þetta er tímafrekt þó það hafi gengið ágætlega. Það hefur verið skínandi veður, sólskin en kalt. Ég bara sest inn í vélina þegar ég byrja og er þar þangað til ég kem heim, nenni ekkert að taka matar-eða kaffitíma, borða bara samlokuna meðan ég er að vinna. Nota tímann.“ Skyldi hann hafa séð eitthvað kvikt í náttúrunni, kom krummi kannski að taka út framkvæmdina? „Nei, ég hef ekkert séð krumma núna, er hann þó vanur koma þegar maður er einhvers staðar á heiðum. En ég hef séð nokkra smáfugla og margar nýlegar hreindýraslóðir.“



Eina myndin sem náðist af Kristmundi sem leit undan um leið og hann sá í hvað stefndi!

**Ég bara sest inn í vélina þegar ég byrja og er þar þangað til ég kem heim, nenni ekkert að taka matar- eða kaffitíma, borða bara samlokuna meðan ég er að vinna. Nota tímann.**

Bílstjórar sjá víða skammt fram fyrir sig í snjógöngunum sem Kristmundur var að gera og geta lent í að þurfa að bakka dálítið á næsta útskot, að hans sögn. „Kosturinn er sá að það eru ekki margir á ferðinni. Eflaust fagna Mjófirðingar samt opnuninni, hún er mánuði seinna en í fyrra.“ Nú á hann eftir að breikka alla leiðina. „Hún er bara ein breidd núna með smá útskotum, þannig að hægt sé að víkja annað slagið. Það tekur svona tvo daga að breikka veginn þar sem hægt er, býst ég við,“ lýsir hann. „Snjódýptin er auðvitað sú sama og í fyrri umferðinni en nú þarf ég ekki að leita að veginum.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Móðir mín,

**Ingibjörg Ólafsdóttir**
Breiðvangi 3, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi 18. maí.
Útförin auglýst síðar.

**Ólafur Björnsson**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

bauhaus.is

# BAUHAUS®

**Þú finnur allt fyrir garðinn í Garðalandi!**




**39.995.-**

**Rafmagns sláttuorf**
Ryobi RLT183225F 18 v. Sláttubreidd 25-30 mm. Þyngd: 2,3 kg. Kemur með 2,5 Ah rafhlöðu og hleðslutæki.




**17.995.-**

**Sláttuorf**
Ryobi RLT6130. 600 w. Sláttubreidd 30 cm. Þyngd: 2,9 kg.Verð: 17.995 kr

**29.960.-** ~~81.995.-~~

**AL-KO HIGHLINE 51.6 SP-H BENSÍNSLÁTTUVÉL**
Honda GCV 160. 2,7 kW - 2.900 snún. pr./min. Sláttubreidd: 51 cm. Sláttuhæð: 30-80 mm (7 þrep). Safnkassi: 70 lítrar. Þyngd: 38,3 kg. Svæði allt að: 1.800 m²

**Lagerhreinsun!**




**Opið á uppstigningardag**
opið á milli kl 10.00–18.00

## ALLT Á EINUM STAÐ Í BAUHAUS!



**44.995.-** weber

**Gasgrill Q2000**
1 brennari, 3,51 kW. Grillflötur:54 x 39 cm. Glerungshúðuð grillgrind úr steypujárni. Botn og lok úr steyptu áli. Þrýstikveikjurofi.

**Eitt mesta úrval landsins af grillum!**




**349.995.-**

**Gasgrill Regal S590 SS**
5 Dual-Tube brennari,16 kW. Hliðarbrennari, 2,7 kW auk brennara fyrir snúningstein,4 kW. Grillflötur: 81 x 49 cm. Grillgrind úr ryðfríu stáli. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok úr ryðfríu stáli.




**68.995.-** ~~79.795.-~~ weber

**Gasgrill Q3200**
2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63 x 46 cm. Grillgrind úr porselínglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og botn úr áli. Opinn vagn.




**99.995.-** NAPOLEON

**Gasgrill Rogue 425**
3 brennarar, 12,5 kW. Grillflötur: 60 x 46 cm. Snúanlegar grillgrindur úr steypujárni. Svart porselínglerungshúðað lok. Innbyggður hitamælir. Niðurfellanleg hliðarborð.

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 9 |
| Ísafjörður | 6 | 8 |
| Akureyri | 13 | 5 |
| Egilsstaðir | 13 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 10 | 5 |
| Hveravellir | 3 | 11 |

Sunnan 8-13 í dag og skúraleiðingar, en víða bjartviðri nyrðra með hita að 16 stigum NA-lands. Hiti 3 til 16 stig.

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 4 |
| Ísafjörður | 9 | 5 |
| Akureyri | 11 | 2 |
| Egilsstaðir | 13 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 10 | 5 |
| Hveravellir | 6 | 9 |

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 4 |
| Ísafjörður | 7 | 3 |
| Akureyri | 4 | 3 |
| Egilsstaðir | 2 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 10 | 1 |
| Hveravellir | 5 | 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. flík
5. dreitill
6. nóta
8. afgangs
10. átt
11. stunda
12. ágætur
13. kk nafn
15. ársverk
17. tudda

**LÓÐRÉTT**
1. við og við
2. óhreinka
3. amboð
4. tilkall
7. smelta
9. skrafhreifur
12. eggja
14. úthlutaði
16. borðhald

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skokk, 5. tár, 6. re, 8. umfram, 10. na, 11. æfa, 12. eðal, 13. uggi, 15. mannár, 17. fanta. **LÓÐRÉTT:** 1. stundum, 2. káma, 3. orf, 4. krafa, 7. emalera, 9. ræðinn, 12. egna, 14. gaf, 16. át.

## Skák Gunnar Björnsson

Sergey Karjakin (2709) átti leik gegn Wei Yi (2752) á Lindores Abbey atskákmótnu á Chess24.

Wei Yi hafði eftir 16 sekúnda umhugsun leikið **41. Hc7-h7??** og fékk um hæl svarið **41... Re1# 0-1.** Óvenjulegt að svo sterkir skákmenn leiki sig í mát í einum leik. Undankeppni mótsins lýkur í dag. Landsmótið í skólaskák fer fram á Chess.com í dag kl. 11. Opið öllum grunnskólanemendum. **www.skak.is:** Landsmótið í skólaskák.

**Svartur á leik**



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# BÍLAR



Benedikt Bjarnason við Triumph-mótorhjól sitt sem hann notar daglega sem ökutæki nr. 1. MYND/ERNIR

# Allir vinna – nema mótorhjól

Fær ekki endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðgerðar á mótorhjóli eins og eigendur bíla fá gegnum átakið „Allir vinna“

Benedikt Bjarnason er einn þeirra sem notar mótorhjólið sitt daglega eins og flestir nota bíla sína. Hann reyndi að fá endurgreidda viðgerð á mótorhjóli sínu í vikunni gegnum átakið „allir vinna“ en fékk höfnun hjá Ríkisskattstjóra. „Þetta snýst ekki um að fá endurgreiddar þessar 8.000 krónur fyrir mig til eða frá. Þetta snýst miklu frekar um að þarna er verið að útiloka hóp og þá einnig alla þá sem gera við mótorhjól frá þessari leið stjórnvalda,“ sagði Benedikt.

Benedikt hringdi í Ríkisskattstjóra og fékk þau svör að þetta næði ekki til mótorhjóla. „Ég hlýt að hafa misskilið allt saman. Ég þurfti greinilega ekkert að læra umferðarlögin. Ég tilheyri ekki umferðinni,“ sagði Benedikt í stöðufærslu sinni á Facebook. Benedikt notar mótorhjól sitt til og frá vinnu og er það í raun og veru hans eina farartæki. „Ég nota mótorhjólið sem mitt eina ökutæki í allavega átta mánuði á ári á hverjum degi. Við fjölskyldan erum þess vegna bara með einn bíl og ég fæ því far hjá konunni yfir vetrarmánuðina.“ Benedikt var ekki alveg sáttur við þessi svör og vildi gjarnan heyra rökin.

Blaðamaður Fréttablaðsins hafði samband við Ríkisskattstjóra og fékk þau svör að verið væri að vinna eftir orðalagi breytingartillögu laga um virðisaukaskatt, en þar stendur: „Á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 skal endurgreiða einstaklingum utan rekstrar 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils vegna bílaviðgerðar, bílamálningar eða bílaréttingar fólksbifreiða. Skilyrði endurgreiðslu er að fólksbifreið sé í eigu umsækjanda og að fjárhæð vinnuliðar sé að lágmarki 25.000 kr. án virðisaukaskatts. Endurgreiðsla eftir ákvæði þessu skal innt af hendi á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 90 dögum eftir að skattinum barst erindið.“ Starfsmaður Ríkisskattstjóra sagði að verið væri að vinna eftir orðalagi greinarinnar sem alltaf er túlkað þröngt, og þar sem aðeins er talað um bíla í greininni fæst ekki endurgreiðsla fyrir mótorhjól.

Að mati Benedikts ættu lögin að ná til allra skráðra ökutækja til einkanota en ekki bara fólksbifreiða. „Var einhver nefndarmaður smeykur um að ég myndi umturna hjólinu mínu á kostnað skattborgara? Hvað ef ég á Skoda Favorit og læt sprauta hann í kanadísku fánalitunum? Sprautun á fólksbíl virðist vera í lagi, en ekki ef ég læt laga bilaða leiðslu frá rafgeymi í mótorhjólinu,“ sagði Benedikt að lokum.

njall@frettabladid.is

# Mercedes-Benz GLC fáanlegur í tengiltvinnútfærslu aftur

Ný tengiltvinnútfærsla af Mercedes-Benz GLC er komin aftur á markað hér á landi eftir að hafa ekki verið fáanleg frá árinu 2018.

„Það hefur verið mikil eftirspurn eftir þessum vinsæla sportjeppa í tengiltvinnútfærslu. GLC var mest seldi bíllinn hjá Öskju á árunum 2017 og 2018 en var ekki fáanlegur í tengiltvinnútfærslu á síðasta ári þar sem Mercedes-Benz náði ekki að anna eftirspurn eftir bílnum. Við fengum bílinn aftur í byrjun þessa árs og greinilegt að margir hafa beðið eftir þessum bíl og margir eru spenntir,“ segir Ágúst Hallvarðsson, sölustjóri Mercedes-Benz. Samanlagt skilar tengiltvinnvélin í GLC 320 hestöflum í gegnum níu þrepa sjálfskiptinguna 9G-TRONIC. Rafhlaðan er stærri en áður og er drægið nú allt að 50 km á hreinu rafmagni samkvæmt WLTP-staðli.



Talsvert hefur verið beðið eftir tengiltvinnútfærslu Benz GLC.

**Mikill áhugi á tengiltvinnbílum**

Í nýjum GLC er nýr og stór 10,25" háskerpuskjár með MBUX-margmiðlunarkerfi sem hægt er að stjórna bæði með snertingu og rödd. „Rafmögnuð EQ-lína Mercedes-Benz er mjög spennandi og við finnum það hjá okkar viðskiptavinum að áhuginn er mikill. Nánast allir bílar frá Mercedes-Benz eru núna fáanlegir í tengiltvinnútfærslu en GLC og GLE eru þar vinsælastir. Þá hefur Mercedes-Benz EQC verið mjög vinsæll en hann er 100% rafbíll. GLE og EQC eru hæstir í sölu hjá okkur núna en GLC í tengiltvinnútgáfu mun nú sækja á þá í toppslagnum þar sem hann er kominn aftur til okkar,“ segir Ágúst.


BÍLGREINASAMBANDIÐ

**Aðalfundur BGS**

verður haldinn fimmtudaginn 4. júní n.k.
kl. 15:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík
Fundarsalur: Hylur, 1. hæð

Dagskrá:
- Venjubundin aðalfundarstörf
- Áhugaverður gestafyrirlesari
- Í lok fundar verður boðið upp á léttar veitingar

Nánari dagskrá og skráning verður auglýst á heimasíðu félagsins www.bgs.is

Við skorum á félagsmenn að mæta!

*Stjórn Bílgreinasambandsins*






opel.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opið
Virka daga 12–17

Bílabúð Benna

# FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



# Hinn framsýni Páll Pampichler

**Ljáðu mér vængi er bók um hinn merka stjórnanda, trompetleikara, tónlistarkennara og tónskáld. Rut Ingólfsdóttir er meðal þeirra sem höfðu umsjón með útgáfunni. Kom út á 92 ára afmæli Páls.**



Hann kom svo víða við, segir Rut um Pál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ljáðu mér vængi – Minningabrot úr lífi Páls Pampichlers Pálssonar er ný bók. Umsjón með útgáfunni og íslenskum textum höfðu Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari, Helga Hauksdóttir fiðluleikari og Sigurður I. Snorrason klarinettuleikari.

Minningabrot úr lífi Páls Pampichlers Pálssonar kom fyrst út á þýsku í Austurríki árið 2016. Höfundur er Monika Luise Gschiel, en íslenska útgáfan er þýðing á hluta bókar hennar, en þar er einnig mikið af nýju efni.

„Bókin heitir Minningabrot og það er nákvæmlega það sem hún er, minningabrot Páls frá æsku og til fullorðinsára, sem Monika skráði, og minningabrot okkar nokkurra vina Páls á Íslandi. „Páll segir mjög skemmtilega frá æsku sinni og árunum á Íslandi," segir Rut. „Hann er 21 árs þegar hann kemur frá Austurríki hingað til lands og er ráðinn sem trompetleikari til Útvarpshljómsveitarinnar í hálft starf og til Lúðrasveitar Reykjavíkur í hálft starf. Hann var hér í nær 50 ár og starfaði sem trompetleikari, stjórnandi, kennari og tónskáld."

### Vinir skrifa um Pál

Sigurður I. Snorrason þýddi bókina og Rut yfirfór síðan þýðingu hans. „Við ákváðum svo að vinna bókina þannig að hún höfðaði meira til Íslendinga. Við bættum við hana, helmingurinn er því texti Moniku og hinn helmingurinn frá okkur," segir Rut.

„Stefán Þ. Stephensen hornleikari skrifar um heimilisvininn Pál, en Stefán kynntist Páli mjög ungur. Páll leit gjarnan við á Laufásveginum, líka þótt þeir bræðurnir væru ekki heima.

Lárus H. Grímsson skrifar um Drengjalúðrasveit Vesturbæjar sem Páll stjórnaði, kenndi á málmblásturshljóðfærin og tónfræðina í heil 40 ár. Drengjalúðrasveitin breyttist á áttunda áratugnum í Skólahljómsveit Vesturbæjar og þá fengu stúlkur að vera með. Lárus er fróður um Drengjalúðrasveitina því hann lék með henni frá 10 ára aldri og síðar hjá Páli í Lúðrasveit Reykjavíkur. Lárus tók við stjórn beggja hljómsveitanna af Páli," segir Rut.



Páll bjó á Íslandi í um hálfa öld og vann hér þrekvirki í tónlistinni.

> **Í ÞESSARI BÓK ERUM VIÐ AÐ ÍTREKA HVAÐ PÁLL VAR MIKILVÆGUR Í ÞRÓUN ÍSLENSKS TÓNLISTARLÍFS Á ÞEIM FIMMTÍU ÁRUM SEM HANN BJÓ HÉR.**

„Sigurður I. Snorrason skrifar um vináttu sína við Pál en hann kynntist honum þegar hann var í skólalúðrasveit og þeir hafa haldið vináttu alla tíð. Ég skrifa um Kammersveit Reykjavíkur og samstarf okkar Páls. Hann var einn af stofnendum Kammersveitarinnar 1974, stjórnaði henni í um 10 ár og samdi fjölda verka fyrir sveitina."

### Afmælissöngurinn sunginn

Íslenskt tónlistarlíf á Páli mikið að þakka. Hann var stjórnandi, trompetleikari, tónlistarkennari og tónskáld. „Í þessari bók erum við að ítreka hvað Páll var mikilvægur í þróun íslensks tónlistarlífs á þeim 50 árum sem hann bjó hér. Hann kom svo víða við. Með Drengjalúðrasveitinni stuðlaði hann að tónlistarlegu uppeldi og margir sem þar voru fóru þaðan í lúðrasveitina sem hann stjórnaði og síðan í tónlistarnám og urðu hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem þeir unnu aftur undir stjórn Páls," segir Rut.

Í bókinni eru skrár um framlag Páls til íslensks tónlistarlífs sem Rut tók saman. Þar á meðal er listi yfir verk sem Páll samdi sérstaklega fyrir íslenska tónlistarmenn. „Ég skráði ekki bara þau verk sem vitað var að hann samdi sérstaklega fyrir einstaklinga heldur hringdi ég í fólk og spurði hvort Páll hefði samið verk sérstaklega fyrir það."

Rut tók einnig saman lista yfir merk tónverk sem Páll varð fyrstur til að flytja með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sömuleiðis lista yfir frumflutning íslenskra verka. „Ég man eftir því á mínum fyrstu árum í Sinfóníuhljómsveitinni hvað ég dáðist að Páli fyrir að setja á efnisskrá verk sem hljómsveitin hefði ekki átt að geta flutt vegna manneklu. Hann var ákaflega framsýnn og fylgdist vel með því sem var að gerast í 20. aldar tónlist."

Bókin kom út á níutíu og tveggja ára afmæli Páls. „Þá hringdi Sigurður í Pál og við sungum afmælissönginn fyrir hann. Daginn áður höfðum við sent honum bókina í pósti til Austurríkis," segir Rut.


## Listasalur Mosfellsbæjar

**auglýsir eftir umsóknum fyrir sýningarárið 2021**

Listasalur Mosfellsbæjar er í hjarta Mosfellsbæjar, staðsettur inn af Bókasafni Mosfellsbæjar.
Sýningar standa að jafnaði um fjórar vikur og er salurinn lánaður endurgjaldslaust.

Sótt er um rafrænt á
**www.bokmos.is/listasalur**

Við mat umsókna er tekið mið af fjölbreytni og frumleika í miðlum og efnisvali.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2020**

Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarni
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

s: 566 6822
listasalur@mos.is
www.bokmos.is/listasalur
www.facebook.com/listasalurmoso


## Hugarangur óperustjóra

Óperudeild Söngskóla Sigurðar Demetz flytur óperuna Schauspieldirektor eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Sýningar verða tvær, í Tjarnarbíói mánudaginn 25. maí kl. 18 og 20.30. Takmarkaður fjöldi gesta getur mætt en beðið er um að óskir um miða verði sendar á netfangið songskoli@songskoli.is.

Óperan er gamanleikur en þar sem hlutverkaskipan býður ekki upp á þann fjölda hlutverka sem deildin þurfti á halda var í þetta sinn samin leikgerð sem hentaði. Hlutverkum var fjölgað og tónlistaratriðum einnig. Í flestum tilfellum er þar um að ræða aríur úr óperum Mozarts en þó stelst Rossini til að ljá verkinu eina aríu.

Umfjöllunarefnið er vissulega eldfimt en það hverfist um óperustjóra sem vill garnan vera óperulistinni trúr. Hann er hins vegar neyddur til að horfast í augu við nýja tíma og breytta heimsmynd og fjallar verkið um hugarangur hans, oft á fremur gamansaman hátt.



Wolfgang Amadeus Mozart.

Leikstjóri sýningarinnar er Þorsteinn Bachmann, en hann hefur í vetur verið leiðbeinandi hópsins, ásamt Gunnari Guðbjörnssyni, Antoníu Hevesi og Matthildi Önnu Gísladóttur.

# ÚTSKRIFTIR, GLEÐI & GJAFIR!




VITRA Ball Clock
TILBOÐSVERÐ: 37.315.-
Verð áður: 43.900.-




VITRA Hang-It-All
TILBOÐSVERÐ: 35.615.-
Verð áður: 41.900.-




VITRA Wooden Doll
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 13.041.-
Verð áður frá: 14.490.-



Heimskaut
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.999.-



Orð að sönnu
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 6.999.-



Framkoma
Verð: 5.999.-



Sapiens
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.499.-



Saga tímans
Verð: 3.799.-



Travel Goals
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-



Medicine
TILBOÐSVERÐ: 4.239.-
Verð áður: 5.299.-



Leonardo
TILBOÐSVERÐ: 9.599.-
Verð áður: 11.999.-



Factfulness
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 5.999.-



Úr landsuðri
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-

## ÖLL HNATTLÍKÖN







Rafmagnshlaupahjól
(2 gerðir í boði)
Verð frá: 57.995.-

## ALLAR FERÐATÖSKUR




Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 31. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Uppstigningardagur á Rás 1

KNATTSPYRNA OG HAKAKROSS



kl. 9.05

Knattspyrna og hakakross er þáttur um ferð knattspyrnumanna í Val og Víkingi til Berlínar á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.

ELÍFT LÍF Í SKÝJUNUM



kl. 15

Er hægt að öðlast eilíft líf með hjálp vísindanna?

HUGLEIÐING UM MISKUNNINA



kl. 17

Þurfum við miskunn? Er miskunn eitthvað fyrir nútímamanninn? Hver á að miskunna sig yfir okkur? Þáttur í umsjón Guðna Tómassonar.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
**21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
**21.30 Hugleiðsla með Auði Bjarna** Leiðsögn um öndun, slökun og næringu andans.
**21.45 Bókin sem breytti mér** Bókin sem breytti mér fjallar um uppáhaldsbækur kunnra bókaorma landsins.

## RÚV SJÓNVARP

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Tulipop
**08.04** Friðþjófur forvitni
**08.28** Húrra fyrir Kela
**08.49** Hvolpasveitin
**09.12** Flugskólinn
**09.42** Millý spyr
**09.49** Bubbi byggir
**10.00** Börnin í Ólátagarði I
**11.30** Todmobile og Midge Ure
**13.35** Kastljós
**13.50** Menningin
**14.00** Tíundi áratugurinn
**14.45** Hagamús, með lífið í lúkunum
**15.35** Sveinsstykki
**16.35** Að rótum rytmans. Seinni hluti
**17.20** Ahmed og Team Physix
**17.30 Landakort Reynistaðabræður** Slegist í för með sunnlendingum yfir Kjöl í fótspor Reynistaðabræðra sem urðu úti á við Beinahól árið 1780.
**17.40** Bítlarnir að eilífu – Because Beatles Forever
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Nýi skólinn
**18.14** Fjölskyldukagginn
**18.36** Maturinn minn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35 Nýjar hendur – innan seilingar** Íslensk heimildarmynd um Guðmund Felix Grétarsson sem missti báða handleggi í slysi fyrir 18 árum. Hann berst fyrir að fá handaágræðslu, en ferlið gengur hægt þar sem slík ágræðsla hefur ekki verið framkvæmd áður. En Guðmundur er ákveðinn og gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana. Dagskrárgerð: Örn Marinó Arnarson og Þorkell Harðarson. Framleiðsla: Ljósop ehf.
**20.40** Rick Stein bragðar blúsinn. Rick Stein Tastes the Blues
**21.45** Sjö hliðar sannleikans. Seven Types of Ambiguity
**22.45** Útrás: Exit
**23.20 Ósýnilegar hetjur. Invisible Heroes** Finnsk þáttaröð byggð á sönnum atburðum um tvo finnska sendierindreka í Síle sem börðust fyrir að bjarga þúsundum almennra borgara þegar valdarán átti sér stað í landinu árið 1973. Aðalhlutverk: Pelle Heikkilä, Sophia Heikkilä, Ilka Villi, Aksa Korttila og Mikael Persbrandt. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**11.30** Dr. Phil
**12.15** The Late Late Show
**13.00** The Bachelor
**14.25** The Biggest Loser
**16.10** Malcolm in the Middle
**16.30** Everybody Loves Raymond
**16.55** The King of Queens
**17.15** How I Met Your Mother
**17.40** Dr. Phil
**18.25** The Late Late Show
**19.10** Love Island
**20.10 Læknirinn í Frakklandi** Ragnar Freyr Ingvarsson leggur nú land undir fór og verður með okkur í Frakklandi þar sem hann eldar frábæran mat og drekkur með því unaðsleg vín og aðra drykki. Ákaflega vandaðir þættir þar sem
**20.40** 9-1-1
**21.30** The Resident
**22.15** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.00** The Late Late Show
**23.45** FBI
**00.30** Proven Innocent
**01.15** Law and Order. Special Victims Unit
**02.00** Ray Donovan
**02.55** The Walking Dead
**03.40** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03** Hafa trúarbrögð runnið sitt skeið?
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlist að morgni uppstigningardags
**09.00** Fréttir
**09.05** Knattspyrna og hakakross
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Guðsþjónusta í Fella- og Hólakirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Kristneshæli: Musteri lífs og dauða
**14.00** Fótspor hans minnast fjallið við
**15.00** Eilíft líf í skýjunum
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Ljóshærða stúlkan í litla gondólanum
**16.40** Fjörusteinn
**17.00** Miskunnin
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Tilgangur í lífinu
**18.30** Útvarp UngRÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Mozart í München
**20.30** Mjög gamall maður með afarstóra vængi. Smásaga
**20.54** „Gala, ég ætla að gefa þér kastala.“ Gala og Dalí
**21.44** Káeta. Herbergi í skipi
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Með segulbandstækið á öxlinni
**23.00** Skugginn í draumum okkar
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40** Rachel Getting Married
**12.30** Matilda
**14.05** The Jane Austin Book Club
**15.50** Rachel Getting Married
**17.40** Matilda
**19.15** The Jane Austin Book Club
**21.00** The Hangover Part 2
**22.35** Venom
**00.30** American Assassin
**02.15** The Hangover Part 2

## STÖÐ 2

**08.00** Skoppa og Skrítla í Afríku
**08.20** Skoppa og Skrítla í Afríku
**08.40** Álög Drekans
**10.05** Týndi hlekkurinn
**11.35** Grami göldrótti
**13.10** Besti vinur mannsins
**13.35** Major Crimes
**14.15** Divorce
**14.45** The Wife
**16.20** War on Plastic with Hugh and A
**17.15** Friends
**18.26** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00 Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins**
**20.25** Í þessari mögnuðu mynd er sögð saga eins mesta athafnamanns Íslandssögunnar, Alfreðs Elíassonar flugmanns og forstjóra. Alfreð Elíasson og félagar hans byrjuðu með nánast tvær hendur tómar og gerðu Loftleiðir að mesta viðskiptaævintýri Íslands á 20. öld.
**22.35** The Blacklist
**23.20** Gasmamman
**00.10** Killing Eve
**00.55** Prodigal Son
**01.40** Nashville
**02.20** Nashville
**03.00** Nashville
**03.45** The Wife

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

**08.00** Barnaefni
**20.00** Friends
**20.20** Friends
**20.45** Modern Family
**21.00** Supergirl
**21.50** Réttur
**22.40** Deadwater Fell
**23.30** Batwoman
**00.15** Friends
**00.35** Friends
**01.00** Modern Family

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Sportið í dag
**08.00** Denis Suárez
**08.25** Inside Serie A Special
**08.50 Grindavík - KR 2017** Andri Rúnar Bjarnason var leikmaður mótsins árið 2017. Hann var í harðri baráttu um gullskóinn og að slá markametið í efstu deild.
**09.10 Valur - Víkingur R. 2017** Lokaleikur í Pepsi deildinni árið 2017. Valsmenn voru fyrir löngu ornir meistarar.
**09.40** Stjarnan - KR 2018
**10.05** Stjarnan - Víkingur R. 2018
**10.30** Valur - Stjarnan 2018
**10.50** Liverpool - West Ham United 05/06
**11.15** Rúnar Kristinsson
**11.45** Real Betis - Barcelona
**13.25** Denis Suárez
**13.50** Inside Serie A Special
**14.15** Sportið í dag
**15.15** Pepsi Max - Upphitun
**16.25 Selfoss - Haukar. Leikur 4** Útsending frá leik í úrslitum Olís deildar karla árið 2019.
**17.55 Haukar - Keflavík** Útsending frá leik 5 hjá Haukum og Keflavík í 8 liða úrslitum Dominos deildar karla.
**19.30** Frakkland
**19.55** La Liga Clubs - Andalúsía
**20.20** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
**20.55** Liverpool - Manchester United 05/06
**21.20** NBA - Shaqtin' a Fool
**21.40** Shaqtin' a Fool. Midseason
**22.05** Shaqtin a Fool. 2014-15 Finale
**22.25** Búrið. Uppgjör með Gunnari Nelson
**22.55** Barcelona - Man. Utd.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



ÍSLENSKT Í 40 ÁR
KFC
Col. Harland Sanders



Verbúðin er samstarfsverkefni Vesturports, RÚV, ARTE og Turbine Studios. Hér eru þeir Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri og Stefán Eiríksson útvarpsstjóri mættir um borð hvor sínum megin við Nínu Dögg sem stendur í trollrennunni með Guðrúnu Láru Alfreðsdóttur, Eið Birgisson og Birgi Sigfússon að baki sér og Gísla Örn í stjór og Björn Hlyn í bak. MYNDIR/EGGERT ÞÓR JÓNSSON

# Spennukvóti hjá Vesturporti

Tökur eru hafnar á Verbúðinni, spennuþáttum sem byggja á raunverulegum atburðum og fjalla um vinahóp sem byggir upp viðskiptaveldi í krafti kvótakerfisins.



Leikstjórinn, handritshöfundurinn og einn aðalleikarinn, Björn Hlynur, og Gói í senu þar sem mikið virðist liggja við.



Guðjón Davíð Karlsson er í hópi fjölmargra leikara í Verbúðinni.

Verbúðin, Blackport á ensku, er sjónvarpsþáttaröð í átta hlutum, og verður frumsýnd á RÚV fyrri hluta árs 2021. Gísli Örn Garðarsson, Björn Hlynur Haraldsson og Mikael Torfason skrifa handritið og þeir tveir fyrrnefndu leikstýra ásamt Maríu Reyndal.

Tökur á þáttaröðinni hófust fyrr í þessum mánuði og munu halda áfram fram eftir sumri á höfuðborgarssvæðinu og Vestfjörðum en þættirnir gerast í íslensku sjávarþorpi á umbrotaárunum 1983-1991.

Verbúðin segir frá uppgangi lítillar útgerðar sem hjónin Harpa og Grímur byggja upp af miklum dugnaði, ásamt vinafólki sínu, samhliða því að íslensk stjórnvöld innleiða fiskveiðikvóta gegn ofveiði á fiskistofnum við Íslandsstrendur.

Hópurinn yfirtekur verbúðina með öllu tilheyrandi en aðstæður þar eru eftir atvikum mjög lifandi og litríkar. Eftir að kvótinn kemur til sögunnar laga vinirnir svo viðskiptahætti og lífsstíl að breytingum í samfélaginu. Hugsjónir og valdafíkn rekast á, vinir svíkja vini og stjórnmálamenn reyna eftir fremsta megni að fóta sig í síbreytilegum heimi.

Nína Dögg Filippusdóttir og Björn Hlynur Haraldsson fara með hlutverk Hörpu og Gríms en fjöldi leikara kemur við sögu í þáttunum, þar á meðal Gísli Örn Garðarsson, Guðjón Davíð Karlsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Kristín Þóra Haraldsdóttir. toti@frettabladid.is



Gísli Örn og Skúli Helgi Sigurgíslason bíða þess að dallurinn verði sjóklár.



Gísli Örn, Nína Dögg og Eva Lind Rútsdóttir niðursokkin í kvótabraskið.

langtímaleiga

# „Bíllinn stækkar um leið og fjölskyldan...

# ...snilld!“

## Sixt langtímaleiga einfaldar lífið!

Stækkun fjölskyldunnar fylgir mikil gleði, en því fylgir líka plássfrekur öryggis- og aukabúnaður í heimilisbílinn. Þess vegna sjá margar barnafjölskyldur fram á að þurfa að fjárfesta í nýjum, stærri bíl. Hjá Sixt langtímaleigu er sveigjanleikinn málið og auðvelt að skipta upp í stærri bíl;
ekkert vesen – bara snilld!

**Ein föst greiðsla á mánuði,
enginn óvæntur kostnaður...**

**...og allir kátir!**

Kynntu þér kosti langtímaleigu á **sixtlangtímaleiga.is** eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is

**Innifalið í langtímaleigu:**

- ☑ Þjónustuskoðanir
- ☑ Hefðbundið viðhald
- ☑ Tryggingar og gjöld
- ☑ Dekk og dekkjaskipti

**sixtlangtímaleiga.is**



LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN





Björgvin segir School of Visual Arts vera fjölþjóðlegan skóla og þar hafi hann eignast góða vini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Öskur í Miðstræti

**Björgvin Jónsson** er fluttur aftur heim eftir listnám í New York. Hann tók þátt í LA Art show og fer senn með list sína á Art Basel í Miami. Fyrir viku opnaði hann Öskur gallerý með félögum sínum.

Nú fyrir helgi opnuðu þrír listamenn örgalleríið Öskur í Miðstræti 12. Þeir Björgvin Jónsson, Einar Snorri og Gotti Bernhöft opnuðu galleríið með skemmtilegri samsýningu en þeir eru allir með vinnustofu sína á staðnum.

Björgvin útskrifaðist með láði frá listaskólanum School of Visual Arts í New York fyrir tveimur árum síðan og var einn af tuttugu bestu nemendum við skólann sem var valinn til að birta verk sín í bók sem gefin er út árlega af skólanum.

Björgvin er nú snúinn heim aftur til Íslands eftir sex ár í New York þar sem hann lærði Fine Arts. Hann er það sem kallast „mixed media“ listamaður. „Ég nota sem sagt mismunandi miðla í listsköpun minni og vinn með mismunandi efni,“ segir Björgvin.

**Listin birt um alla borg**

Á fjórða ári hans við skólann var honum boðið að taka þátt í stórri sýningu á vegum MvVo, sem er þekkt fyrirtæki innan listabransans fyrir framsæknar hugmyndir í miðlun lista.

„Maria van Vlodrop, stofnandi fyrirtækisins, leitaðist eftir því við skólann minn að bjóða nokkrum nemendum til að taka þátt í sýningu. Fjórir nemendur voru valdir, svo það var mikill heiður að tilheyra þeim hópi,“ segir Björgvin. Sýningin var haldin í Sotheby‘s og gekk mjög vel.

„Fyrirtækið sjálft er ekki með eigið gallerý og notar það fyrst og fremst síðuna Artsy til að koma list á framfæri og má segja að hún sé nokkurs konar netvettvangur til að skoða og kaupa list.“

> MÉR FANNST ÖSKUR MJÖG VIÐEIGANDI NAFN, SVONA Í LJÓSI ALLS SEM VIÐ HÖFUM UPPLIFAÐ Á ÞESSUM TÍMUM.

Að sögn Björgvins gerði MvVo svo samning við LinkedIn í New York sumarið eftir útskriftina hans og birti verk hans þar á meðal annarra á auglýsingaskiltum út um alla borgina. „Mér fannst mjög gaman og örlítið súrrealískt að sjá verkin mín á skiltum víða um borgina,“ segir hann.

**Fleiri tækifæri tóku við**

„Þegar ég tók þátt í sýningu MvVo sem er haldin í Sotheby‘s, þá er mér boðið að taka þátt í sýningu í Los Angeles,“ segir Björgvin.

Fleiri tækifæri komu í kjölfarið sem varð til þess að Björgvin tók þá ákvörðun að einbeita sér enn frekar að listinni. Hann hreinsaði hugann, fór á vit ævintýra og ferðaðist um Evrópu. Í skólanum í New York hafði hann eignast marga vini vítt og breitt um heimsálfuna og tilvalið að heilsa upp á þá.

„Skólinn var mjög fjölþjóðlegur en New York er líka bara ótrúlega fjölþjóðleg borg. Þar er endalaust að sjá og skoða, og fólk hvaðanæva að. Maður fær að upplifa menningu svo margra ólíkra landa.“

Á ferðalögum sínum tók hann myndir af og teiknaði upp fjölbreytt og fræg kennileiti sem er nú hluti af list hans í dag.

„Þegar ég var í Evrópu fór ég á alls konar listasöfn og listsýningar, til dæmis Feneyjatvíæringinn,“ segir Björgvin.

**Nýtt gallerý**

Eftir Evrópureisuna fékk Björgvin bréf frá gallerýi í New York.

„Í því var mér boðið að vera með verk í gallerýinu og öðrum stórum sýningum. Ég náði að taka þátt í einni sýningunni sem heitir LA Art show og er í Los Angeles, en síðan skellur heimsfaraldurinn á,“ segir Björgvin. „Einnig átti ég að vera aftur með í sýningu MvVo í byrjun maí en eins og gefur að skilja hefur COVID-19 haft víðtæk áhrif. Það eru þó gleðifréttir að sýningin verður haldin í september.“

Art Basel í Miami er svo á döfinni hjá Björgvin í desember, sem vonandi stenst.

**Samstarfið gott**

Björgvin stefndi á að taka meistaranámið í Bandaríkjunum en vegna COVID-19 var því öllu slegið á frest. Hann ákvéð því að finna sér aðstöðu hérna í Reykjavík til að vinna að list sinni og fékk rýmið í Miðstrætinu.

„Þetta er stórt rými þannig að ég fékk Einar og Gotta með mér í stúdíóið. Við höfum þrír tekið þetta allt saman í gegn og ég er ótrúlega ánægður með okkar samstarf. Við ákváðum að hafa gallerýið fremst í rýminu og mér fannst Öskur mjög viðeigandi nafn, svona í ljósi alls sem við höfum upplifað á þessum tímum. Alla hefur eflaust langað í gegnum þennan tíma að öskra endrum og eins,“ segir hann og hlær.

Sýningin í Öskur gallerýi stendur yfir út mánuðinn.

**steingerdur@frettabladid.is**






GJØCO

**Tilboðsverð**

**Herregård pallaolía XO.**
Viðarvörn fyrir gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Kemur í veg fyrir gráma og inniheldur sveppa- og mygluvarnarefni. Fæst í ljósbrúnu og glæru.

**2.295**
80602501-2
Almennt verð: 3.195

28%

RYOBI

**Tilboðsverð**

**Hjólsög**
Rafhlaða fylgir ekki.

**17.996**
7133002338
Almennt verð: 22.495

x0






**Ferðagasgrill**
Létt og þægilegt ferðagasgrill, frábært í útileguna. Hillur og sambrjótanlegir plastfætur undir grillinu, hægt er að taka hillurnar af.

**24.995**
50632100

Kílóvött 2,93 | Brennarar 1

RYOBI

**Tilboðsverð**

**Rafhlöðuborvél**
18V kolalaus með 2x2,5Ah rafhlöðum.

25%

**51.196**
7133003613
Almennt verð: 63.995

x2



**Tilboðsverð**

NAPOLEON

**Ferðagasgrill**
TRAVELQ 2B. Tveir ryðfríir hringbrennarar, glerjað pottjárn í grillfletinum og grillflötur upp á einn fjórða úr fermetra sjá til þess að þú ferð létt með að grilla hamborgara fyrir alla á tjaldstæðinu!

**35.996**
506600010
Almennt verð: 44.995

20%

Kílóvött 4,1 | Brennarar 2

TRAVELQ PORTABLE GAS GRILL



Broil King
Great Barbecues Every Time

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**
ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

**63.996**
50657512
Almennt verð: 79.995

20%

Kílóvött 8,8 | Brennarar 3






**Stjúpur**
Nokkrir litir, 10 stk.

**1.495**
55092000

BYKO

Það er opið í dag í BYKO, sjá afgreiðslutíma á byko.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 | **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is | **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is | **PRENTUN** Torg ehf. | **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is







**BAKÞANKAR**


Thomasar Möller




## Nærandi nærumhverfi

COVID hefur kennt okkur ýmislegt. Meðal annars að kunna betur að meta litlu málin. Eins og að fara á kaffihús, spjalla saman, að fá að knúsa okkar nánustu aftur og fara í sund. En við getum líka lært að meta betur það sem er í nærumhverfinu okkar. Hér á landi getum við aukið hlut nærumhverfisins í neyslu okkar.

Við getum til dæmis knúið alla bíla landsins með eigin orku … „Búrfellsbensíni“. Um 80% af grænmeti er innflutt. Við getum hæglega framleitt þetta allt hér á landi með lækkun raforkuverðs til grænmetisbænda. Þurfum við endilega að borða paprikur sem eru komnar þrettán þúsund kílómetra frá Chile eða tómata sem hafa ferðast á Sagaclass frá Kaliforníu?

Alifuglabú landsins gætu framleitt alla innanlandsþörfina með hreinasta fuglakjöti í heimi. Svo getum við hætt að senda offramleiðslu á kindakjöti með flugi til Kína og borðað það heima!

Víða í Evrópu hreykja veitingastaðir sér af því að bjóða hráefni úr nærumhverfinu. Í stórborgum er verið að setja upp grænmetisframleiðslu í gámum, á húsþökum, í görðum og jafnvel í tómum bílastæðahúsum. Þannig minnka flutningar og varan er ferskari. Fólk um heim allan er líka hvatt til að ferðast minna til fjarlægra landa og meira innanlands. Við þurfum ekki að fara til Víetnams til að spila golf eða til Balí á baðströnd.

Um allan heim eru fyrirtæki að stytta aðfangakeðjuna sem leiðir til þess að vörur og íhlutir í framleiðslu verða í auknum mæli framleiddar innanlands. Í COVID-ástandinu þurftu margar verksmiðjur að loka vegna hluta sem stöðvuðust á leið sinni um heiminn og voru framleiddir á fjarlægum stöðum.

Lítum okkur nær. Snúum okkur að nærumhverfinu okkar hvað varðar orku, mat, ferðalög og … knús!








